

Vatnsréttindi

- Þróun eignarréttar á vatni -

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda – og lagadeild
Lögfræðiskor

- *Samkomulag um B.A. verkefni/ B.A. - Thesis Agreement*

Nafn nemanda: Valbjörn Helgi Viðarsson

Kennitala: 290981-3959

Heimilisfang: Rimasíða 29c

Símar: 4623703 / 8604703

Netfang: yhv@simnet.is / ha060353@unak.is

Rannsóknarsvið/ field of research: Nýting vatnsréttinda / Uses of water resources

Titill Ritgerðar/ Thesis Title: Notkun vatnsréttinda í alþjóðlegu, evrópsku og íslensku tilliti, með áherslu á Ísland.

Stutt lýsing á viðfangsefninu/ A brief outline on the project:

In the law thesis I will look at international, European and Icelandic legislation regarding the use of transboundary watercourses with the main focus on Icelandic legislation and its relation with international obligations

Akureyri dags: 01.mái .2008

Undirskrift nemanda

Undirskrift leiðbeinanda

Umsjónarmaður f.h. deildar

Útdráttur

Mikil náttúruauðlind fellst í vatni, það hefur áhrif á allt lífríkið og hvernig við nýtum okkur það og förum með það skiptir þess vegna miklu máli

Nýtingarréttur manna á vatni hefur verið til umfjöllunar allt frá þjóðveldisöld og er ákvæði er varða vatnsréttindi að finna í *Grágás*, *Járnsíðu* og *Jónsbók*. Á fyrri hluta 20. aldar voru gerða umtalsverðar breytingar á vatnalöggjöf landsins þar menn hefðu lært að nýta sér vatnsafl til orkuframleiðslu. Miklar deilur urðu um hver ætti að vera eigandi vatnsins, hvort það væru landeigendur eða ríkið eða hvort vatn væri yfir höfuð eignarhæft. Aðlokum for það þó svo að landeigendum var gefin umráða og hagnýtingarréttur á vatni á landi þeirra.

Í byrjun 21. aldar voru þessi lög endurskoðuð til að samræma þau nýttíma þjóðfélagi, mörg ákvæði voru einfölduð eða einfaldlega sleppt. Sú breyting sem olli hvað mestum deilum var að orðalagi lagana var breyt og í stað umráða og hagnýtingarréttar voru landeigendum nú færð eignarráð yfir vatni. Flutningsmenn frumvarpsins héldu því samt sem áður fram að einungis væri um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu og myndu heimildir landeigenda ekki breytast við breyt orðalag.

Abstract

Water is a very important natural resource it influences all of earths ecosystem and how we utilise it and treat it is very important.

How we utilise it has been an issue since people first settled in Iceland and many statues can be found in *Grágás*, *Járnsíðu* and *Jónsbók*. In the beginning of the 20th century considerable changes wear made in the water legislation because men had learned to use water to produce energy. Dispute broke out on who should be the owner, should it be the landowner, the state or could water after all be owned by anyone. In the end landowners wear given the right to utilise the water on their property. In the beginning of the 21st . century teas law wear audit to better apply the to modern society, and in the poses many statues wear simplified or toughen out. The most significant change was the wording of the law, instead of landowners only having the right to use water on their property the wear now given ownership over it the proponent insisted the is was only a formal change but not maternal and the right of land owner would not change with different wording.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Eignarréttur.....	3
2.1 Réttur landeigenda.....	5
3. Söguleg umfjöllun vatnsréttinda.....	7
3.1 Vatnsréttindi fyrri alda.....	8
3.1.1 Vatnsréttur samkvæmt Grágás	8
3.1.2 Vatnsréttur samkvæmt Járnsíðu og Jónsbók	11
3.2 Fossalög.....	14
3.2.1 Undanfari Fossalaga.....	14
3.2.2 Fossalögin 1907	15
3.3 Vatnalög.....	16
3.3.1 Undanfari vatnalaga 1923.....	16
3.3.1.1 Ágreiningur um stefnu	16
3.3.2.2 Álit meirihluta Fossanefndar	19
3.3.2.3 Álit minnihluta Fossanefndar	19
3.3.2.4 Fumvarp Einars Arnórssonar.....	20
3.3.2.5 Vatnalög nr. 15/1923.....	21
3.3.2.5.1 Hverir og laugar	21
3.3.2.5.2 Heimildir landeigenda.....	22
3.3.2.5.3 Heimilis, búsparfir og jarðrækt	23
3.3.2.5.4 Iðnaður og iðja	23
3.3.2.5.5 Áveita	24
3.3.2.5.6 Orkunýting	25
3.3.2.5.7 Mannvirkja gerð	26
3.3.2.5.8 Takmarkanir	27
3.3.2.5.9 Heimildir ríkis og sveitarfélaga.....	27
4. Vatnalög 2006.....	28
4.1 Undanfari vatnalaga 2006.....	28
4.1.2 Kífsárdómur (H 1955:431).....	29
4.2 Breytingar frá vatnalögum 1923.....	30
4.3 Vatnalög nr. 20/2006	30
5. Vatnsréttindi í öðrum löndum.....	35
5.1 Norðurlönd.....	35
6. Eignarréttarleg staða vatns.....	37
6.1 Vatn í andrúmslofti jarðar.....	38
6.2 Straumvötn.....	38
6.3 Stöðuvötn.....	39
6.4 Vatn undir yfirborði jarðar.....	39
6.5 Vatn í föstu formi.....	39
6.6 Verðmæti vatnsréttinda.....	40
7. Niðurstaða.....	41
8. Heimildir.....	42

1. Inngangur

Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og mikilvægt öllu lífríki á jörðinni. Þess vegna er mikilvægt að við förum vel með það og gætum þess að láta það ekki falla í hendur þeirra sem aðeins hugsa um að græða á mikilvægi þess fyrir heimsbyggðina.

Um 20% vatnsorku landsins má rekja til grunnvatnslinda og 95–97% neysluvatns er numið úr grunnvatni hér á landi. Nær 90% þjóðarinnar notar jarðhita til húshitunnar og einnig fer notkun jarðgufu til rafmagnsframleiðslu ört vaxandi.¹

Nýtingarréttur manna á vatni hefur verið til umfjöllunar allt frá þjóðveldisöld og er ákvæði er varða vatnsréttindi að finna í *Grágás*, *Járnsíðu* og *Jónsbók*. Ákvæði *Jónsókar* voru í gildi allt fram á seinni hluta 19. aldar. Farið var að huga að nýrri lagasetningu um aldamót 20. aldar vegna aukinnar ásóknar einkaaðila í íslenska fossa til orkuframleiðslu. Árið 1917 var sett á laggirnar svokölluð Fossanefnd sem falið var að semja lög um vatnsnot á eignarlöndum. Nefndarstarfið gekk þó ekki hnökralaust fyrir sig því deilur blossuðu upp innan hennar um hversu miklar heimildir landeigendur hefðu yfir vatni á landi sínu. Meirihluti nefndarinnar aðhylltist svokallaða allsherjarstefnu en minnihlutinn svokallaða séreignarreglu.² Út frá vinnu hennar urðu til fyrstu heildarlögin um notkunarheimildir manna á vatni á Íslandi og voru þau samþykkt á Alþingi þann 20. júní 1923 og héldu lögin gildi sínu allt fram til ársins 2006. Þá hafði ný nefnd lokið við að endurskoða þau og lagt fram breytingar á þeim.

Þann 16. mars 2006 voru þau samþykkt á Alþingi ný lög sem varða eignarhald á vatni og áttu í fyrstu að taka gildi 1. nóvember 2007. Þar sem miklar deilur hafa spunnist um frumvarpið hefur gildistöku þess verið frestað hvað eftir annað og nú síðast til 1. nóvember 2010. Aðaldeiluefni laganna var breyting sem gerð var á orðalagi þeirra en í stað *umráða- og hagnýtingarréttar* var set inn *eignarréttur* og talið að orðbreyting þessi gæfi landeigendum enn frekari rétt til að ráðstafa að vild vatni á landi sínu. Flutningsmenn frumvarpsins héldu því samt sem áður fram að einungis væri um

¹ Freysteinn Sigurðsson “Vatn og vatnafar á Íslandi Viðfangsefni vatnalaga” Róbert R. Spanó (ritsj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 183-184.

² Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919.) bls. XVII-XVIII.

formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu og myndu heimildir landeigenda ekki breytast við breyt orðalag.

Í þessari ritgerð verður farið yfir þá þróun sem átt hefur sér stað hvað varðar eignarrétt á vatni á Íslandi allt frá þjóðveldisöld og til vatnalaga nr. 20/2006. Farið verður yfir eignarréttar ákvæði stjórnarskrárinnar og hvaða áhrif það hefur á eignarheimildir manna á vatni og eins hvernig hægt er að takmarka og svipta menn þessum heimildum. Farið verður yfir ákvæði hverra laga fyrir sig og reynt að útskýra hvaða áhrif þau hafa. Farið verður ítarlaga í þær deilur sem urðu við setningu laganna og fjallað um þær hugmyndir og skoðanir sem fram komu við vinnslu þeirra.

2. Eignarréttur

Eignarréttarhugatakið er skilgreint á þann veg að það sé réttur einstaklings eða annars lögaðila (félaga og fyrirtækja) til að ráða yfir tilteknum verðmætum innan þess lagaramma sem settur hefur verið af stjórnvöldum. Til eru tvö konar skilgreiningar á eignarrétti, annars vegar er svokölluð neikvæð skilgreining og hins vegar jákvæð skilgreining. Neikvæð skilgreining gerir ráð fyrir að eiganda verðmæta séu leyfðar allar mögulegar nýtingarheimildir á eigninni þ.e.a.s. ekki er talið upp hvaða heimildir eigandi hefur til að nýta eign sína heldur er lagt upp með að eigandi njóti allra þeirra nýtingarheimilda sem eignin býður upp á nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarheimildum hans með lögum eða samningum.³ Á seinni árum hafa menn stuðst meira og meira við þessa skilgreiningu þar sem stöðug þróun er í tækni og vísindum og ómögulegt að telja upp allar þær heimildir sem eigandi hefur yfir eign sinni.⁴ Jákvæð skilgreining eignarréttar er hins vegar þegar kveðið er á um tæmandi nýtingarheimildir eigenda í lögum sjálfum.⁵

Réttur manna til eignar er lýstur friðhelgur í 72. grein *stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944*, sem og í fyrsta sammingsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögtekinn hefur verið hér á landi með *lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994*. Innihald þeirra greina eru í samræmi við 17. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. En ákvæði stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.⁶

Eignarréttur vísar til eigna í víðtækum skilningi þar á meðal kröfurettinda og annarra óbeinna eignarréttinda sem dæmi má nefna veðréttinda og afnotaréttinda ásamt

³ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 156, sjá einnig Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur I*, (Reykjavík: 1982 – 83) bls. 3.

⁴ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 156, sjá einnig Ólafur Lárusson, *Eignarréttur I*, (Reykjavík: 1950) bls. 11.

⁵ Eyvindur G. Gunnarsson, Eignarhald á náttúruauðlindum: Eignarhald íslenskra orkuauðlinda og orkukerfi í virku markaðskerfi. Málstofa verkfræðideildar Háskóla Íslands 9. apríl 2008 sbr. <http://www3.hi.is/~egill/MALTINGI/2008malstofa/Eignarhald2008.pdf>

⁶ 72. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944 með síðari breytingum.

höfundaréttta.⁷ En eignarréttur einstaklinga telst vera til staðar þegar einstaklingur ræður yfir eign sinni og getur notað hana, ráðstafað til annarra með sölu eða til erfingja við andlát og veðsett hana. Með þessu ákvæði stjórnarskrárinnar er eignarrétti gefin sérstök vernd og uppfylla þarf ákveðin skilyrði til að hægt sé að ganga á eignarrétt manna eins og að ofan greinir. Komi til eignarsviptingar er hún í daglegu tali nefnd eignarnám og um framkvæmd þess gilda lög um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Ef framkvæmd eignarnáms er ekki í samræmi við lög er hún markleysa og brot á stjórnarskrá.⁸

Oft eru sett lög um eignarnám ákveðinna eigna. Þar er að finna frekari útlistun á eignarnámsheimildum tiltekinna verka og má þar nefna sem dæmi VII kafla *Vegalaga nr. 80/2007*. Eignarnám má aðeins framkvæma ef almenningsþörf krefst þess. Það getur þó verið umdeilt hvenær um almenningsþörf er að ræða og sker Alþingi þar úr um hverju sinni.⁹ Í vatnalögum eru ýmsar sér reglur um eignarnám sem gangaframar ákvæðum laga um eignarnám.¹⁰

Eins og fyrr greinir skal bæta eiganda það tjón sem eignarnámið veldur honum. Hér er fyrst og fremst átt við fjárhagslegt tjón. Matsnefnd eignarnámsbóta metur hvort lagaheimild sé fyrir eignarnámi, verðmæti eignarinnar og ákveður hvaða verð skuli greitt fyrir hana ef ekki næst samkomulag við eiganda. Bótafjárhæðin miðast við þá fjárhæð sem fengist fyrir eignina á almennum markaði. Sé eigandi ósáttur við þá bótafjárhæð sem nefndin leggur til getur hann skotið málinu til dómstóla.¹¹

Séu aftur á móti takmarkanir lagðar á eignir manna sem koma í veg fyrir eða rétt þeirra til að ráðstafa þeim, án þess að í slíku felist eignarsvipting, skal eigandi þola slíkar takmarkanir í flestum tilfellum bótalaust. Þær takmarkanir á eignarrétti sem eiga við í tilviki vatnsréttinda eru tvenns konar. Það fyrra er eignarupptaka sem einkum er beitt þegar eignir eru gerðar upptækar í refsiskyni fyrir afbrot eða eignin er notuð á ólöglegan

⁷ Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson, Páll Sigurðsson, Róbert R. Spanó & Viðar Már Matthíasson, *Um lög og rétt Helstu greinar íslenskrar lögfræði*, (Reykjavík: Bókautgáfan Codex, 2006) bls. 89.

⁸ Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir & Hafdís Björk Hákonardóttir, *Mannréttindasáttmáli Evrópu Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, (Reykjavík: Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík, 2005) bls. 504.

⁹ Gunnar Eydal & Þorgerður Benediktsdóttir, *Hagnýt Lögfræði*, (Reykjavík: Bókautgáfan Örn og Örlygur, 1984) bls. 67.

¹⁰ 1. gr. Lög um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 6. apríl 1973 með síðari breytingum.

¹¹ Gunnar Eydal & Þorgerður Benediktsdóttir, *Hagnýt Lögfræði*, (Reykjavík: Bókautgáfan Örn og Örlygur, 1984) bls. 67.

hátt. Síðara tilvikið er friðun, þegar land eða hluti landareignar er friðaður vegna gróðurs- eða dýralífs á landsvæðinu.¹²

2.1 Réttur landeigenda

Mikið hefur verið fjallað um hvort landeigendur eigi eignarrétt á því vatni sem um land þeirra rennur eða að því liggur. Eða hvort einungis sé um að ræða rétt þeirra til að hagnýta sér vatnið. Með hagnýtingarrétti er átt við óbeinan eignarrétt landeigenda sem veitir þeim aðeins rétt til að hagnýta sér eignina en ekki fullkominn eignarrétt.¹³ Vatnsréttindi eru skilgreind á sem „rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.“¹⁴ Umráða- og hagnýtingarréttur landeigenda yfir vatni á landareign þeirra eru sett takmörk í ýmsum lagabálkum. Ber þar fyrst og fremst að nefna *vatnalögin nr. 15/1923* en önnur lög eins og *raforkulög nr. 12/1946* skipulags- og byggingarlöggjöf geta einnig haft áhrif á það með hvaða hætti landeigendur nota landareign sína.

Hægt er að skipta eignum í tvo flokka, fasteignir og lausafé. Fasteignir eru afmarkað landsvæði á yfirborði jarðar ásamt eðlilegum landsgæðum, lífrænum og ólífrænum s.s. námuréttindum, veiðiréttindum, rekaréttindum o.s.frv. en einnig byggingum, girðingum og öðru sem varanlega er fest við landið og er nýting þeirra hluti af nýtingu fasteignarinnar.¹⁵ Lausafé er allt annað en það sem fellur undir framangreinda skilgreiningu.

Eignarhald á landsvæðum er einnig flokkað á tvo vegu í eignarlönd og þjóðlendur. Eignarlönd eru þau landsvæði sem afmörkuð hafa verið með landamerkjabréfum og háð eru eignarrétti. Landeigendur fara með öll eignarráð innan þess ramma sem lög setja.¹⁶

¹² Gunnar Eydal & Þorgerður Benediktsdóttir, *Hagnýt Lögfræði*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1984) bls.68.

¹³ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur Þættir um íslenska stjórnskipun*, (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs) bls. 170.

¹⁴ 22. mgr. 2. gr. Jarðarlaga nr. 81 frá 9. júní 2004 með síðari breytingum.

¹⁵ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur Þættir um íslenska stjórnskipun*, (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs) bls. 164, sjá einnig Eyvindur G. Gunnarsson, Eignarhald á náttúruauðlindum: Eignarhald íslenskra orkuauðlinda og orkukerfi í virku markaðskerfi. Málstofa verkfræðideildar Háskóla Íslands 9. apríl 2008 sbr.

<http://www3.hi.is/~egill/MALTING1/2008malstofa/Eignarhald2008.pdf>

¹⁶ 5. mgr. 22. mgr. Jarðarlaga nr. 81 frá 9. júní 2004 með síðari breytingum, Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir & Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Codex & Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008), einnig Þjóðlendur og eignarlönd, Ráðstefna um skipulagsmál á Hornströndum, Ísafirði 26.–27. janúar 2007, Kristín M. Gunnarsdóttir lögfræðingur hjá Öbygðanefnd bls. 11.

Þjóðlendum eru aftur á móti þau landsvæði sem eru utan eignarlanda þó að einstaklingar og aðrir lögaðilar geti gert tilkall til takmarkaðra eignarréttinda. Íslenska ríkið fer með eignarréttindi á þeim landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.¹⁷ Þeir sem fara með forræði yfir þjóðlendum fyrir hönd ríkisins eru sveitarfélög og forsætisráðherra. Þessum aðilum er heimilt að ráðstafa þjóðlendum í sinni umsjá til einkaaðila með sérstöku leyfi.¹⁸ Menn geta öðlast eignarrétt yfir hlutum á marga vegu meðal annars með löggjöfningi, erfðum, hjúskap, réttargerð, töku, hefð o.fl. Fyrr á tímum byggðist eignarréttur á töku eins og enn er við líði í frumstæðum þjóðfélögum eða í nýnumdum löndum eins og raunin var við landnám hér á landi. Landeigendum er oftast áskilinn réttur til að slá eign sinni á þau verðmæti sem þar kunna að finnast sem og um veiðiheildir í þeim ám og vötnum sem á landinu eru og þá skipta landamerki miklu máli.¹⁹

Vafi um landamerki geta meðal annars komið upp ef landareignirnar eru aðskildar með ám eða vötnum. Í slíkum tilfellum gildir sú regla að ef á eða lækur skilur að landareignir skal hvor landareign fyrir sig ná út í miðjan árfarveginn og haldast óbreytt jafnvel þó straumvatnið breyti um farveg og haldist þar af leiðandi á því svæði sem áður var miðlína upphafslegs vatnsfarvegar.²⁰ Sé það hins vegar stöðuvatn sem skilur að landareignirnar skiptir stærð stöðuvatnsins töluverðu máli. Nái breidd stöðuvatnsins ekki 230 metrum gilda sömu reglur og þegar straumvatn skiptir landareignum nema til komi löggjöfningar þar sem annað kveður á um. Sé vatnið hins vegar breiðara en 230 metrar fylgir vatnsbotninn þeirri landareign sem hann er talinn áframhald af, 115 metra út í vatnið, samkvæmt vatnalögum.²¹ Þetta svæði meðfram landareign er kallað netlög þ.e.a.s. þegar tvær landareignir liggja að vatni, sömum megin, skulu landeigendur semja um það, sín í milli, hvernig netlögum skal háttáð ef önnur skipun hefur ekki verið gefin í því efni.²²

¹⁷ Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir & Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Codex & Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008) bls. 513, einnig Lög um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta nr. 58 frá 10. júní 1998 með síðari breytingum.

¹⁸ Lög um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta nr. 58 frá 10. júní 1998 með síðari breytingum.

¹⁹ Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur Þættir um íslenska stjórnskipun*, (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs) bls. 166.

²⁰ 3. gr. Vatnalaga nr. 15 frá 20 júní 1923 með síðari breytingum.

²¹ 4. gr. Vatnalaga nr. 15 frá 20 júní 1923 með síðari breytingum.

²² Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur Þættir um íslenska stjórnskipun*, (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs) bls. 165.

3. Söguleg umfjöllun vatnsréttinda

Menn hafa frá fornu fari nýtt sér það vatn sem á jörðinni er. Í gegnum aldirnar hafa menn mótað með sér réttarreglur um hagnýtingu vatns og því betur sem menn læra að hagnýtta sér vatnið með aukinni tækniþekkingu því meiri þörf er á ítarlegum og viðameiri reglum. Í fyrstu var um að ræða reglur sem giltu innan tiltekins ríkis en með aukinni alþjóðavæðingu og samvinnu meðal ríkja hafa komið fram alþjóðlegar reglur sem taka meðal annars á sameiginlegri nýtingu á þeim vötnum sem fleiri en eitt land á landamæri að sem og um ár sem renna frá einu landi til annars.²³

Ísland er engin undartekning frá þessu. Í lögum íslenska þjóðveldisins *Grágás* (930 – 1261) má finna ákvæði um rétt landeigenda til hagnýtingar á því vatni sem um landareign þeirra rennur auk ákvæða um veiði og áveitu. Einnig eru slík ákvæði að finna í síðari lögum meðal annars í þeim lagareglum sem settar voru í kjölfar þess þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd með *Gamla sáttmála* 1262, *Járnsíðu* (1262–1272) og *Jónsbók* (1281-). Lög *Jónsbókar* varðandi vatnsréttindi sem og mörg önnur eldri lög héldu meira og minna gildi sínu allt fram á miðja 19. öld og byrjun þeirrar 20. eða allt til þegar hin svokölluðu *Fossalög nr. 55/1907* tóku gildi. Með þeim voru sett lög um eignarhald einstaklinga og félaga á fossum landsins. En í fyrsta skipti voru sett heildarlög um nýtingarrétt landeigenda á því vatni sem um landareign þeirra rennur með *Vatnalögum 15/1923* og hafa lög þessi verið ein helsta réttarheimild Íslendinga hvað vatnsréttindi varðar. Lögini taka jafnt til réttinda landeigenda og almannahagsmuna þar sem þau falla bæði innan einkaréttar og allsherjarréttar.²⁴ Nú þegar þessi ritgerð er í smíðum biðna ný *Vatnalög nr. 20/2006* þess að taka gildi verður fjallað um síðar.²⁵

²³ Sjá 5. gr. Convention on the Law of the Non-navigational Uses of International Watercourses 21. May 1997. See General Assembly resolution 51/229, no. 49 (A/51/49).

²⁴ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 143.

²⁵ Sjá bls. 32

3.1 Vatnsréttindi fyrri alda

3.1.1 Vatnsréttur samkvæmt Grágás

Á fyrri hluta þjóðveldistíma Íslands voru lögin óskráð og geymd í munnlegri geymd og þróuðust í tímana rás í samskiptum manna í milli. Veturinn 1117–1118 hófst skráning laga þjóðveldisins og urðu smám saman til umfangsmiklar lagaskrár sem einstakir menn tóku saman en einungis tvær þeirra hafa varðveist í heilu lagi, nefnist önnur þeirra *Konungsbók* en hin *Staðarbók*, og talið er að þær hafi verið skráðar á árunum 1250–1270 en til eru brot úr eldri skrá. Lög þjóðveldisins kallast einu nafni *Grágás* og er talið eitt umfangsmesta lagaverk sem til er á móðurmáli nokkurrar germanskrar þjóðar.²⁶

Ákvæði *Grágásar* um vatnsréttindi eru hvorki ítarleg né nákvæm og því erfitt að átta sig á hvort einstakir menn hafi getað átt vatn á landi sínu. Til að komst að hvort vatn hafi verið talið til eigna verður að líta á orðalag þeirra greina sem fjalla um efnið. En áður en út í það er farið ber að geta þess að hvergi er að finna nafnorðið *eign* í þessu sambandi heldur kemur sagnorðið *al eigu* margoft fyrir í texta *Grágásar*, þá sérstaklega þar sem talað er um merkjavötn.²⁷ „»Ef menn *eigo merkivötn* saman . . . « (II, 422. kap., bls. 470). »Þar er menn *eigo merkivötn* saman . . . « (II, 438. kap., bls. 509). »Ef þeim manni þykir mein at, er *hálf t á vatn*«²⁸. Hafi vatn verið talið undirorpið eignarrétti hefur sú eign verið bundin við land það sem vatnið rann um.

Ef landnámsmenn hafa lítið á vatn sem eignarhæft fyrirbæri, hefur eignarhald á því verið með allsérstökum hætti þar sem það hefur verið bundið við það land sem það streymdi um hverju sinni. Ef vatnsfarvegur ár breyttist síðan vegna náttúruhamfara, landrofs eða annars og vatnið streymdi þá um landareign annars manns en það gerði upphaflega, færðist eignarréttur árinna yfir til eiganda þess lands sem hún rann þá um jafnvel þó áin hafi upphaflega verið landamerki og tveir landeigendur átt hana saman. Landamerki héldust eigi að síður á þeim stað þar sem miðlína árinna var upphaflega.

²⁶ Sigurður Línadal, *Réttarsögu Þættir*, (Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2007) bls. 118.

²⁷ Bjarni Jónsson Frá vogi, “Eignarrjettur yfir vatni” *Meirihluti Fossanefndar, Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjöllum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 3.

²⁸ Bjarni Jónsson Frá vogi, “Eignarrjettur yfir vatni” *Meirihluti Fossanefndar, Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjöllum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 3.

Samt ber að taka fram í þessu sambandi að í *Grágás* segir að ef á breyti farvegi sínum og renni eftir það á landareign annars manns skal hann einn eiga veiði í ánni.²⁹ Þetta orðalag bendir til að ekki hafi verið um að ræða eignarhald á vatninu sem slíku heldur einungis verið um að ræða veiðiréttinn í ánni. Að þessu sögðu verður að teljast ólíklegt að menn hafi átt eignarrétt yfir vatninu sjálfu heldur hafi eignarumráðin ráðist af botni þess þar sem það skiptir um eigendur eftir því hvar það rennur. Þó hafa ýmsir menn talið að vatn hafi verið talið eign, meðal annarra hefur U.A. Motzfeldt sagt frá því í bók sinni „*Den norske Vasdragsrets Historie*“ að landnámsmenn hafi kastað eign sinni á ár jafnt og lönd. Þar segir enn fremur að skýrasta dæmið um eignarrétt á vatni sé að finna í *Landnámu* en þar segir frá deilu Hrolleifs Arnhallssonar og Ingimundarsona um veiði í Vatnsdalsá. Það var hins vegar álit Bjarna Jónssonar frá Vogu að þessi rök væru ónothæf þar sem barist hafi verið um veiði í ánni en ekki um ána sjálfa.³⁰

Öllum mönnum var leyfilegt að veiða í vatni eða á sem rann um landareign þeirra. Ef maður átti einn veiðirétt í tilteknu vatni eða á var honum heimilt að haga veiði sinni á þann hátt sem honum sýndist. Þó var öðrum mönnum sem leið áttu um landareign hans leyfilegt að veiða sér til matar í vatni eða á hafi það ekki verið upphaflegur tilgangur ferðar þeirra þ.e.a.s. hafi þeir verið á ferðalagi máttu þeir veiða fisk í vatni á landareign annarra og hafa sér til matar á ferð sinni. En hafi ferðin hins vegar verið veiðiferð og flytja átti síðan veiðina heim sér til matar var slík veið óheimil nema með leyfi landeigenda.³¹

Öllum þeim er áttu vatn eða vötn í sameiningu var leyfilegt að veiða í þeim. Þeir gátu skipt því þannig að hver og einn átti sína veiðilögsögu og máttu þeir þá ekki veiða annars staðar nema veiðin byrjaði í þeirra lögsögu og fiskurinn synti yfir í lögsögu annars. Höfðu veiðirétthafar aftur á móti sameinast um að nota allt vatnið í sameiningu urðu þeir að fá leyfi hjá hinum rétthöfunum ef einhver þeirra ætlaði að leyfa þriðja manni að veiða í vatninu. Ef um var að ræða á gátu menn ekki lagt net þvert yfir hana heldur máttu þeir einungis leggja net við bakka hennar sín megin.³²

²⁹ Grágás 53 gr. Landbrigðapáttar bls. 351.

³⁰ Bjarni Jónsson frá Vogu, “Eignarrjettur yfir vatni” *Meirihluti Fossanefndar, Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum.* (Reykjavík; Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 5.

³¹ Grágás 52 gr. Landbrigðapáttar bls. 350.

³² Grágás 52 gr. Landbrigðapáttar bls. 350.

Sá sem átti land beggja vegna árinna var leyfileg að byggja brú yfir hana, enda lítið á það sem sjálfsagðan hlut, og varð landeigandi að standa einn undir kostnaði við brúarsmíðina. Landeigendur er áttu land sinn hvoru megin ár gátu sameinast um brúarsmíði. Vildi annar landeigandinn hins vegar ekki byggja brú yfir ána var hinum samt sem áður heimilt að byggja hana en þá varð sá sem stóð fyrir brúarsmíðinni að bæta hinum upp það tjón sem brúarsmíðin olli honum. Einnig gátu menn sem áttu land sinn hvoru megin ár lagt skipi sín megin árinna að fengnu samþykki annarra landeigenda.³³ Landeigendur áttu óskorðaðan rétt til þess að taka drykkjarvatn af landi sínu úr brunnum og öðrum vatnslegum. Þessi réttur var svo mikilvægur að mönnum var bannað að veita vatni á engi ef áveitan gæti spillt drykkjarvatni annars manns og voru lagðar sektir fyrir því að byggja óhelgar stíflur sem hindruðu aðra í að afla sér drykkjarvatns. Var réttur til drykkjarvatns því ekki aðeins tryggður landeiganda heldur einnig öðrum þeim sem rétt áttu til vatnsins áður en það breytti um farveg.

Menn máttu eigi að síður veita þeim vötnum sem áttu uppsprettu á landi þeirra á engi eða að búi sínu en urðu samt sem áður að veita því aftur í fornan farveg áður en það fór af landareign þeirra. Taka varð tillit til að þessi framkvæmd spillti ekki drykkjarvatni eða engi fyrir öðrum sem rétt áttu til vatnsins eins og áður segir.³⁴ Þar sem vatn var talin sameign mátti hvor landeigandi um sig veita því á land sitt með því skilyrði að hinn aðilinn samþykkti notkunina en ef vatn var hins vegar það lítið að það dugði ekki báðum eigendum í einu skyldu þeir hafa afnot af vatninu sína vikuna hvor.³⁵

Ætti maður engi á annars manns landi var lítið svo á að hann ætti aðeins þann gróður sem á landinu óx. Það hindraði menn þó ekki í að mega grafa skurði til að veita vatni á þetta engi sitt og mátti eigandinn nota það vatn sem var á landareign jarðeiganda í stað þess að veita vatni af sinni eigin landareign. Þessari vatnsnotkun fylgdu skilyrði sem áður hafa verið talin upp eins og að áveitan spillti ekki drykkjarvatni fyrir öðrum né heldur að vinna skemmdir á landareign jarðeigenda með áveitunni.³⁶

³³ Grágás 52 gr. Landbrigðapáttar bls. 350.

³⁴ Grágás 34 gr. Landbrigðapáttar bls. 324.

³⁵ Grágás 35 gr. Landbrigðapáttar bls. 325.

³⁶ Grágás 25 gr. Landbrigðapáttar bls. 321.

3.1.2 Vatnsréttur samkvæmt *Járnsíðu* og *Jónsbók*

Magnús lagabætur Hákonarson þáverandi Noregskonungur var einn af mestu löggjöfum Evrópu á sínum tíma og ætlaði að koma á sameiginlegri löggjöf fyrir allt Noregsveldi. Eftir að hafa sett Norðmönnum nýja löggjöf á tímabilinu 1271–1277 sendi hann Íslendingum nýjar lögbækur. Sú fyrri nefndist *Járnsíða*, lögtekin á Íslandi á árunum 1271–1273, var efni hennar að langmestu leyti tekið úr norskrei löggjöf og mældist ekki vel fyrir meðal Íslendinga.³⁷

Í stað þess að endurskoða *Járnsíðu* og breyta þeim ákvæðum sem menn voru ósáttir við var samin ný lögbók, *Jónsbók*, sem send var til landsins haustið 1280. Þrátt fyrir að lögbók þessi hafi verið betrubætt frá *Járnsíðu* voru Íslendingar engu að síður ósáttir með margt. Klerkar gerðu til að mynda athugasemdir við löggin þar sem þeim fannst gengið á dómsvald kirkjunnar og fjárhagslegt sjálfstæði hennar. Bændur gerðu einnig athugasemdir og fannst að gengið væri á eignir þeirra og samningafrelsi með ýmsum félagslegum kvöðum. Að lokum tókst þó að gera málamiðlanir og kom konungur til móts við sjónarmið Íslendinga með ítarlegum réttarbótum 1294–1314. Þótt *Jónsbók* hafi verið illa tekið í fyrstu náði hún fljótlega miklum vinsældum sem sýnir sig meðal annars í að ákvæði hennar voru meira og minna í gildi fram á 20. öld og eru enn þó þau hafi verið færð í nýja löggjöf.³⁸

Í *Járnsíðu* er lítið fjallað um vatnsréttindi, aðeins einn grein, 24. gr. *Landbrigðbálks*, þar er fjallað um þau og um allar þær heimildir sem landeigendur hafa til nýtingar þess vatns sem á landi þeirra er eða þeir eiga í sameiningu með öðrum. Lagagreinin byrjar svona: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“³⁹ Samkvæmt 24. gr. var mönnum heimilt að veita vatni að búi sínu en urðu að veita því aftur í náttúrulegan farveg. Þetta ákvæði var líkt því er kemur fram í *Grágás* að því undanskildu að óæskilegt var að veita vatni úr náttúrulegum farvegi nema vatnið hafi brotið sér leið úr farveginum.

Þeir landeigendur sem áttu laxá saman, máttu leggja net sín megin í ánni, urðu þeir þó að gæta þess að netlögnin væri ekki svo langt út í henni að það hindraði fisk í að

³⁷ Sigurður Línal, *Réttarsögu Þættir*, (Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2007) bls. 121.

³⁸ Sigurður Línal, *Réttarsögu Þættir*, (Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2007) bls. 122.

einnig Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.)

Rannsóknir í Félagsvísindum VI, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 148.

³⁹ *Járnsíða* 24. gr. *Landbrigðbálks* bls. 121.

ganga upp ána. Ef net eða önnur veiðitæki náðu það langt út í ána að fiskur gat ekki gengið meðfram því, gátu þeir sem bjuggu ofar í árfarveginum gefið þeim sem netið lagði fimmtarstefnu⁴⁰ á þingi til að fjarlægja netin. Þar sem landeigandi sinnti því ekki gátu aðrir veiðiréttihafa fjarlægt netin. Ennfremur sagði að enginn skyldi veiða í á eða vatni þar sem hann ætti ekki veiðirétt nema að fengnu samþykki landeigenda. Ef veit var í vatni án leyfis var það skilgreint sem þjófnaður.⁴¹

Skilgreining á ákvæðum vatnsréttinda og eignarhaldi á vatni er svipuð í *Jónsbók* og *Grágás*, eignarhaldið fer eftir því hver á landið sem vatnið rennur um þ.e. hver á botninn á vatnsfarveginum. Þegar talað er um að einhver eigi vatn í lagaákvæðum *Jónsbókar* er átt við veiði- og afnotarétt en ekki eignarrétt eins og fram hefur komið samkvæmt *Grágás*.

Lagagreinar *Jónsbókar* um drykkjarvatn eru samhljóða greinum *Grágásar* þar sem réttur manna til að veita vatni að búi sínu var tryggður. Einnig er fjallað um spillingu á brunnavatni og áveitu, og eru þessi ákvæði samhljóða *Grágás* um að mönnum var leyfilegt að veita vatni sem uppsprettur á landi þeirra nema að drykkjarvatni annarra sé spillt. Ef landeigandi hins vegar veitti vatni á land sitt og olli skaða á drykkjarvatni annarra átti hann að greiða skaðabætur fyrir það tjón. *Jónsbók* kvað mun skýrar á um að ef landeigandi gerði stíflu í árfarvegi og olli öðrum skaða voru allar slíkar stíflur óhelgar jafnvel þótt stíflurnar væru á hans eignarlandi. Ákvæði *Grágásar* eru óskýr hvað þetta varðar og má skilja þau sem svo að aðeins mátti brjóta þær stíflur sem voru utan landareignar brotamanns en líklegt er að ákvæðið hafi átt við allar stíflur hvar svo sem þær voru.⁴²

Ákvæði um rétt manna til að veita vatni á akra og engi, í annars landi, eru svo til orðrétt þau sömu í *Grágás* og finna má í *Jónsbók*. Menn máttu veita vatni sem uppspratt á landi þeirra að vild en urðu að veita því aftur í sinn náttúrulegan farveg áður en landi þeirra sleppti. Ef áveitan ylli skemmdum á drykkjarvatni annarra, skyldi ekki veita vatninu úr farvegi þess en ef skemmdir urðu á landi annarra vegna vatnsveitunnar átti framkvæmdaraðilinn að bæta tjónið að fullu.

Veiðiréttur manna hélst að mestu óbreyttur og vísar *Jónsbók* til *Grágásar* og venju í þeim eignum. Hins vegar var réttur manna til að haga veiði í á takmarkaðri jafnvel

⁴⁰ Um það bil 5 daga frestur sjá Járnsíða 24. gr. Landbrigðabálks bls. 121.

⁴¹ Járnsíða 24. gr. Landbrigðabálks bls. 121.

⁴² *Grágás* 34. gr. Landbrigðapáttar bls. 324.

þó þeir ættu einir veiðirétt í allri ánni. Varð landeigandi að haga veiði í ánni á þann hátt að fiskar gátu gengið upp alla ánnu þannig að net og önnur veiðitæki hindruðu ekki för þeirra um of. Ef menn áttu saman veiðirétt í á varð hver og einn að haga veiðinni á þann hátt að það hindraði ekki aðra í að nýta sér veiðirétt sinn. Í þeim tilvikum sem einn eigandi braut rétt annars til veið í ánni giltu svipar reglur og í *Járnsíðu* þ.e. að þeim sem brotið var á gat birt brotamanni fimmtarstefnu. Réttur ferðamanna til að veiða fisk sér til matar var sá sami og í *Grágás*. Einnig var umráðaréttur manna og réttur til að byggja brýr sá sami þar var engu bæt við og ekkert tekið út.

Ef ákvæði *Jónsbókar* um vatnsréttindi eru borin saman við norska vatnalöggjöf annars vegar og hins vegar við ákvæði *Grágásar* er það augljóst að ákvæði *Jónsbókar* eru að mestu úr *Grágás* þó orðalag sé í einhverjum tilfellum eftir norski löggjöf. Í *Grágás* og *Jónsbók* eru fjölmörg lagaboð sem vantaði í norska löggjöf sem og í *Járnsíðu*. Eins og áður hefur komið fram var *Járnsíðu* illa tekið hér á landi. Auðvelt er að ímynda sér að menn hafi verið ósáttir við að svo mörg lagaákvæði úr *Grágás* féllu niður sem snéru að brunnum, áveitum og veiði og hefur það líklega á einhvern hátt átt þátt í þeirri afstöðu sem landsmenn tóku gagnvart lagabókinni. Grundvallarhugmynd laganna virtist vera, eins og komið hefur fram, að réttindi yfir vatni fylgdi þeirri landareign sem var undir því eða til hliðar við það og voru réttindi annað hvort orðuð berum orðum í lögunum eða þá að þau lágu í orðanna hljóðan. Þess ber að gæta að hvarvetna í lögunum var vatnsrétthafa leyfð afnot af vatninu en ekki bein eignarréttindi. Ef löggjafinn ætlaði landeigendum eignarrétt á vatninu hefði aðeins verið taldar upp þær takmarkanir sem hann vildi gera en látið það að öðru leyti afskiptalaust. Ljóst er af þessu að orðasambandið *al eigu* bendi til afnotaréttar af vatni á landareign en ekki eignarhald landeiganda á vatninu sjálfu.⁴³

Þetta vekur upp spurninguna *Hver á þá vatnið?* Þar sem Alþingi setur lög sem varðar notkun vatns og vitað er að alþingismenn eru ekki eigendur vatnsins ber að líta svo á að þeir hafi set þessar reglur í nafni ríkisins og því sé vatnið allsherjareign en eigendum farvega og bakka sé gefin heimild til að takmarka ýmsa notkun annarra að vatninu.

⁴³ Bjarni Jónsson frá Vogu, "Eignarrjettur yfir vatni", *Meirihluti Fossanefndar, Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 10

Á því sem undan hefur farið sést að litlar sem engar breytingar voru gerðar á íslenskri vatnalöggjöf frá tímum þjóðveldisins og allt þar til Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd 1262 og með samþykkt *Jónsbókar* á Alþingi 1281. Síðan þá hafa litlar breytingar verið gerðar eða allt fram til 1814 þegar Danir fengu yfirráð yfir Íslandi. Þegar Alþingi tók aftur upp löggjafarvald sitt, sáu þeir litla ástæðu til þess að breyta nokkru í vatnalöggjöf landsins.

3.2 Fossalög

3.2.1 Undanfari Fossalaga

Eins og áður hefur komið fram var allt fram til aldamóta 20. aldar byggt á reglum *Jónsbókar* um vatnsréttindi. Í kringum aldamótin fóru Norðmenn að virkja vatnsafl til raforkuframleiðslu og vakti það áhuga Íslendinga og annarra til að virkja vatnsföll í ám landsins. Þrátt fyrir að virkjun stórra vatnsfalla, hér á landi, væri nú orðin möguleg og ljóst var að margir fossar landsins hentuðu einstaklega vel til slíkrar orkuframleiðslu þá skorti Íslendinga fé til slíkra stórframkvæmda. Innlendir sem erlendir aðilar sáu sér leik á borði og tóku að falast eftir kaupum eða leigu á fossum og öðrum vatnsréttindum sem nýta mætti til raforkuframleiðslu. Úr varð að margir af þeim fossum sem heppilegastir þóttu til orkuframleiðslu voru komnir í einkaeigu einstakra kaupsýslumanna eða svokallaðra fossafélaga sem eingöngu höfðu í huga að nýta vatnsaflid til stóriðju. Óttuðust menn að þessi þróun gæti haft þau áhrifa að þau vatnsföll sem eftir yrðu til orkuframleiðslu, í þágu almennings, yrðu frekar fátækleg og yrði þá að nýta minni vatnsföll, sem væri óheppileg og dýr framkvæmd, eða kaupa aftur þau vatnsföll sem væru í eigu einkaaðilanna.⁴⁴

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis lagði fram frumvarp árið 1899 sem takmarkaði að miklu leyti eignarrétt erlendra manna á jarðeignum á Íslandi. Í fyrstu grein frumvarpsins sagði: *að engum sem á heimili utan ríkisins, hvort sem um væri að ræða einstakling eða félag, mætti eiga jarðeign á Íslandi nema að til kæmi sérstækt leyfi.*⁴⁵

⁴⁴ Sigurður Gizurarson: “Aðdragandi að setningu vatnalaga nr. 15/1923” *Fossanefnd 1917 – 1919*, bls. 103, einnig Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. VIII.

⁴⁵ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.)

Frumvarpið hlaut samþykki Alþingis en konungur synjaði frumvarpinu um staðfestingu þar sem stjórnarráðið taldi að ekki stæði hætta af ásókn erlendra manna á náttúruauðlindum á Íslandi⁴⁶. Heldur myndu slíkar lagahömlur draga úr áhuga erlendra fjárfesta á að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum og Íslendingar ættu að sjá sér hag í að fá erlendra aðila til að fjárfesta á landinu þar sem Íslandi skorti fjármagn.⁴⁷ Þrátt fyrir þetta voru gerðar frekari tilraunir til að takmarka eignarhald erlendra manna á náttúruauðlindum hérlendis og þá aðallega vatnsauðlindum sem nýst gætu til orkuframleiðslu.

Árið 1901 var lagt fyrir Alþingi frumvarp um takmörkun til fasteignaumráða á Íslandi. Með frumvarpinu voru settar skorður við eignarhaldi og kaupum útlendinga sem einungis horfðu til fjárgróða. Með frumvarpinu var öðrum mönnum en þeim sem heimilisfastir væru í Danaveldi, félög sem ættu þar aðsetur eða að allir stjórnarmenn þess væru þar heimilisfastir gætu ekki öðlast eignarrétt yfir fasteignum á Íslandi nema með sérstöku leyfi konungs, frumvarp þetta var fellt í meðferð Alþingis.⁴⁸

3.2.2 Fossalöggin 1907

Með *Fossalögum nr. 55/1907* voru settar reglur um eignarhald á fossum. Þau voru fyrsti þýðingarmikli lagabálkurinn sem bannaði eignar- og afnotarétt útlendinga á íslenskum fossum. Fyrirmynd laganna voru norsku vatnalöggin frá 1887 sem byggðu á því að réttur landeigenda yfir vatni á landareign þeirra væri skilgreindur sem eignarréttur. Samkvæmt eignarnámsheimildum *Fossalaganna* bar hverjum þeim sem hafði fossa, ár eða læki á landi sínu skylt að láta þá af hendi gegn fullum skaðabótum. Einnig var þeim skylt að láta af hendi land það sem þurfa þótti undir þau mannvirki sem fylgdu framkvæmdum við vatnsfarveginn. *Fossalöggin* þóttu ekki ná tilgangi sínum sem leiddi til þess að árið 1917 skipaði ríkisstjórnin fimm manna nefnd til að semja nýja vatnalöggjöf.⁴⁹

Rannsóknir í Félagsvísindum VI, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 148, einnig Alþt. 1899 C-deild bls. 394.

⁴⁶ Alþt. 1899, A- deild bls. 485 einnig Stj. tíð 1900, B- deild bls. 104 - 107

⁴⁷ Eyvindur G. Gunnarsson, "Meginatriði íslensks vatnsréttar" Róbert R. Spanó (ritstj.)

Rannsóknir í Félagsvísindum VI, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 148, Sigurður Gizurarson Aðdragandi að setningu vatnalaga nr. 15/1923, *Fossanefnd 1917–1919* bls. 104.

⁴⁸ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, "Hver á Vatnið", *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 93.

⁴⁹ Eyvindur G. Gunnarsson, "Meginatriði íslensks vatnsréttar" Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 150.

3.3 Vatnalög

3.3.1 Undanfari vatnalaga 1923

Fossanefndarmenn voru Guðmundur Björnsson landlæknir og alþingismaður, en hann var einnig formaður nefndarinnar, Bjarni Jónsson frá Vogu, alþingismaður, Guðmundur Eggerz, sýslumaður, Jón Þorláksson, verkfræðingur og Sveinn Ólafsson í Firði, alþingismaður. Nefndinni til aðstoðar var Einar Arnórsson prófessor.

Verkefni Fossanefndar voru víðtæk en nánar tiltekin þessi:

1. Að athuga hverjar breytingar nauðsynlegt er að gera á gildandi fossalöggjöf.
2. Að afla sem ítarlegra upplýsinga og skýrsla um fossa í landinu og notagildi þeirra.
3. Að athuga, hvort tiltækilegt sje, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það.
4. Að athuga, hvort og með hvaða kjörum rjett sje að veita fossafjelaginu »Íslandi« og öðrum slíkum fjelögum, er umsóknir kunna að senda, lögheimild til að starfrækja fossafjelag hér á landi.

Nefndin skal senda stjórninni álit sitt og tillögur, ásamt lagafrumvörpum, er hún kann að semja, eins fljótt og því verði við komið, og væntir þingið þess fastlega, að geti orðið, sjerstaklega að því er 1. og 4. lið snertir, svo tímanlega, að leggja megi fyrir næsta þing.⁵⁰

3.3.1.1 Ágreiningur um stefnu

Menn hafa löngum tekist á um hvort vatn falli undir eignarrétt, hvort það teljist eign hins opinbera eða hvort einstaklingar geti á einhvern hátt gert kröfu um eignarrétt á vatni á landi þeirra.

Þrjár meginstefnur hafa komið fram um eignarhald á vatni og skilgreina þær eignarréttinn á ólíkan hátt. Fyrst ber að nefna allsherjarstefnuna en hún byggir á því að vatn sé ríkiseign, önnur er séreignarreglan en í henni fellst að eignarréttindi á vatni fylgi fasteign og sé þannig undirorpið eignarrétti landeigenda. Loks er að nefna þá reglu að vatn sé óeignarhæft og geti því ekki verið undirorpið eignarrétti á nokkur hátt hvorki hins opinbera né einstaklinga.

Nefndarmenn *Fossanefndar* sammældust um að öll vatnsréttindi á þjóðlendum væri í eigu hins opinbera. Hins vegar kom upp djúpstæður ágreiningur um hvort

⁵⁰ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritsj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 151.

landeigendur ættu eignarrétt á því vatni sem væri á landareign þeirra og mættu þar með nýta sér vatnið á þann hátt sem þeir vildu eða hvort einungis væri um hagnýtingarrétt að ræða. En í raun væru öll vatnsréttindi í eigu ríkisins og landeigendum væri því aðeins heimil þau afnot sem væru með lögum. Grundvallaðist þessi ágreiningur á mismunandi stjórnsmálaskoðunum nefndarmanna sem fjallað verður um síðar.

Ágreiningur þessi varð til þess að klofningur varð í nefndinni og skiptist hún í meirihluta sem þeir Gunnar Björnsson, Bjarni Jónsson og Jón Þorláksson skipuðu. Meirihlutinn vildi að öll vatnsréttindi væru í höndum ríkisins og var Einar Arnórsson á sama máli.

Meirihluti *Fossanefndar* aðhylltist svokallaða allsherjarstefnu. Vatn er þá ekki undirorpið eignarrétti landeiganda heldur er það eign hins opinbera þ.e.a.s. ríkis og sveitarfélaga, í það minnsta stærri vötn og ár eða fljót sem aðgengileg eru skipaumferð. Þessi leið hafði á tímum nefndarinnar verið farin í hinum ýmsu ríkjum Þýskalands svo vitnað sé í nefndarálit meirihluta *Fossanefndar*:⁵¹

Í Prússlandi eru t.d. öll skipgeng vötn og flotfær ríkisvötn. Ríkið ákveður sjálft, hver þau vötn sje, og getur hvenær sem það vill breytt einkavatni í ríkisvatn með því að gera það skipgengt eða flotfært, enda verða landeigendur að sæta því endurgjaldslaust. Vötn, sem þar á móti eru hvorki skipgeng nje flotfær, eru einkaeign. Líkar reglur gilda í Bayern. Í Baden og Schsen eru þar á móti öll vötn, sem nokkuð kveður að, undir yfirráðum ríkis eða hjeraða. Smávötn og vatnssöfn á landi manns eru undir yfirráðum landeigenda.⁵²

Minnihluta nefndarinnar skipuðu þeir Sveinn Ólafsson og Guðmundur Eggerz, aðhylltust séreignarregluna.⁵³

Í séreignarreglunni felst að eignarréttur á vatni fylgir þeirri landareign sem það rennur um og hefur eigandi landsins rétt til að fara einn með þær heimildir sem felast í eignarrétti. Hann hefur þá rétt til að ráðstafa vatninu að svo miklu leyti sem lög leyfa. Noregur fór þessa leið í vatnalöggjöf sinni en þar varð eigandi vatns að þola ýmis konar umferð um vatnið en bætur skyldu koma til ef umferð spillti með einhverjum hætti veiði í vatninu eða gæðum þess. Aðrar talmarkanir voru einnig gerðar á rétti landeigenda til

⁵¹ Meirihluti *Fossanefndar*, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. XVII

⁵² Meirihluti *Fossanefndar*, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. XVII–XVIII.

⁵³ Þorgeir Örlygsson, *Kaflar úr eignarrétti I*, bls. 93.

vatnsnýtingar, m.a. var landeigenda ekki heimilt að virkja vatnið ef sú virkjun skilaði af sér ákveðnum mörgum hestöflum né heldur máttu þeir veita vatninu nema til komi sérleyfi frá ríkisvaldinu.⁵⁴

Þriðji möguleikinn er sá að vatn sé óeignarhæft og er hann upprunnin úr Rómarrétti og segir að rennandi vatn gæti ekki verið undirorpið eignarrétti þar sem rennandi vatn telst vera í ríki náttúrunnar og er þar með talið almenningsgagn (res communis) rétt eins og loft og ljós. Því hafa allir rétt á að nýta sér vatnið til matar, drykkjar, að brynna skepnum og til að veita á land sitt eða til orkuframleiðslu.⁵⁵ Í Rómarveldi virðist eignarréttur yfir vatni ekki hafa verið viðurkenndur að fullu en þó var vötnum skipað í tvo flokka:

Almenningsvötn (flumina publica) og einkavötn (flumina privata). En einkavötnin urðu fá, því að öll þau vötn, sem eigi voru vön að þorna upp árlaga voru almenningsvötn. Einkavötn urðu þá aðallega þau vötn eða, sem urðu til í leysingum.⁵⁶

Allir höfðu leyfi til að nýta almenningsvötn til þarfa sinna svo lengi sem sú nýting spillti ekki bakka eða botni vatnsins. Slík nýting fólst t.d. í töku neysluvatns, brynna skepnum og til að veita á land til ræktunar. Á þeim tíma sem nefndin starfaði voru svipaðar reglur í Austurríki, Ítalíu, Frakklandi og Sviss og giltu í Rómarveldi til forna en þar voru öll vötn talin almenningsvötn. Í Austurríki voru gerðar þær undantekningar að jarðvatn, lindir, leysingarvatn og brunnar voru álitin eign landeiganda ef það rann á landi hans allt þar til það rann í almenningsvatn og verð landeigandi að sanna eignarrétt sinn yfir vatninu ef það var óvirkjað.⁵⁷

Bæði meirihluti og minnihluti *Fossanefndarinnar* sömdu hvort sitt frumvarpið. Frumvörpin voru síðan lögð fram sem þingmannafrumvörp fyrir Alþingi 1921. Þingmenn náðu ekki samstöðu og hvorugt frumvarpið náði því fram að ganga. Þetta varð til þess að

⁵⁴ Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. XVIII.

⁵⁵ Einar Arnórsson "Um vatnsrjettindi" Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 17.

⁵⁶ Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. XVIII.

⁵⁷ Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919.) bls. XVIII.

Einar Arnórsson prófessor, skipaður aðstoðarmaður nefndarinnar, var fenginn til að semja nýtt frumvarp, seinna sama ár, sem síðar varð að *Vatnalögum* 15/1923.⁵⁸

3.3.2.2 Álit meirihluta Fossanefndar

Meirihluti *Fossanefndar* aðhylltist svokallaða allsherjarstefnu, eins og að framan greinir, sem grundvallast á því að ríkið hefur yfirráð yfir vatnsréttindum bæði í þjóðlendum sem og á eignarlendum. En réttur landeigenda er takmarkaður við vatnstöku til heimilisnota, jarðræktar og smáiðnaðar. Landeigendur hafa samt sem áður yfirráð yfir lindarvatni, tjörnum og öðru smávatni s.s. laugum og tjörnum sem og því vatni sem virkjað er eða veit í sérstakan farveg samkvæmt sérleyfi stjórnvalda. Ekki væru greiddar bætur fyrir þær vatnsnytjar sem féllu ríkinu í skaut samkvæmt 17. gr.⁵⁹

3.3.2.3 Álit minnihluta Fossanefndar

Minnihluti *Fossanefndar* aðhylltist aftur á móti svokallaða séreignarstefnu, eins og áður segir, sem byggir á að umráðaréttur og réttur til hagnýtingar á vatni sem á landareigninni er sé í höndum landeigenda hvort sem um er að ræða rennandi eða kyrrt vatn. Landeigendum er þar með heimilt að nýta vatnið til veiða, áveitu og orkuframleiðslu ásamt öðrum notkunarmöguleikum og væru þessi umráða- og hagnýtingarréttur einungis takmarkaður að því marki sem lög og venjur segja til um.⁶⁰

Sveinn Ólafsson sagði meðal annars í framsöguræðu sinni þegar hann mælti fyrir frumvarpi minnihlutans á Alþingi að:

Minni hl. áskilur landeigendum eignarumráð á vatninu, með þeim takmörkunum, sem lög setja. Meiri hl. tekur af honum eignarumráðin, en ætlar honum kliptan og skorinn notarjett af því vatni, sem heimilisþörf hans krefur. Og meiri hl. ætlar landeigenda engar bætur fyrir vatn það, sem tekið verður í landi hans, honum nauðugt og umfram er

⁵⁸ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 155, einnig Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 95

⁵⁹ Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919.) bls. XVII-XVIII

⁶⁰ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 154.

heimilisþörf snögga. Minni hl. ætlast ekki til, að vatnsrjetturinn verði af nokkrum landeigenda tekinn, nema almenningsnauðsyn krefji, og að fyrir komi fult gjald.⁶¹

Ennfremur sagði Sveinn í athugasemdum með frumvarpinu að umráðaréttur landeigenda yfir vatni á landi sínu jafngilti eignarrétti og nyti þar af leiðandi sömu verndar og önnur almenn eignarréttindi. Nytu vatnsréttindi landeigenda þá verndar eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar, nánar tiltekið 53. gr. stjórnarskrár Íslands frá 1874.⁶² Hins vegar var gert ráð fyrir að yfirumsjón vatnamála á Íslandi yrði í höndum stjórnarráðs Íslands.

3.3.2.4 *Fumvarp Einars Arnórssonar*

Einar Arnórsson studdist að mestu leyti við frumvarp meirihluta *Fossanefndar* en þó komust sjónarmið minnihlutans einnig að, sérstaklega hvað verðar rétt landeigenda til vatnsnota. Þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi varð strax ljóst að ekki voru allir þingmenn tilbúnir að ganga svo langt að játa landeigendum beinan eignarrétt eða fullt forræði yfir vatnsauðlindum.⁶³

Vatnamálanefndir beggja deilda þingsins sameinuðust um meðferð frumvarpsins en nefndirnar klofnaðu á sama ágreiningsefni og hafði valdið klofningi í *Fossanefnd* og snérist deilan sem áður um rétt landeigenda til vatns á landareignum sínum. Ágreiningurinn snérist um hvort kveðið skyldi á í lögnum sjálfum um rétt landeigenda til hagnýtingar vatnsins þannig að þeim væri með beinum ákvæðum leyfður forgangur að vatni á landi þeirra til þeirra nota sem þeim væri heimilað eða hvort landeigendum skyldi veitur fullkominn umráða- og afnotaréttur sem síðan yrði þrengdur með ákvæðum laganna. Niðurstaðan varð sú að breyting var gerð á 2. gr. frumvarpsins. Í stað þess að landeigendur fengju fullan eignarrétt yfir vatnsauðlindum á landi sínu var þeim gefinn

⁶¹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 96, einnig Alþt. 1919 C-deild, dk. 1097 – 1098.

⁶² Minnihluti Fossanefndar, *Nefndarálit minnihluta Fossanefndar 1917 – 1919*, (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 73.

⁶³ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 98. einnig Alþt. 1921, A-deild, bls. 178 - 179

umráða- og hagnýtingarréttur yfir vatni á landi sínu í samræmi við ákvæði laga en ríkisvaldinu falið að stýra nýtingu vatnsafls.⁶⁴

Í raun má segja að séreignarstefna minnihlutans hafi sigrað þar sem landeigendum var veit víðtækari nýtingarheimildir og höfðu þeir einnig ákveðinn hagnýtingarrétt umfram aðra á því vatni sem á landi þeirra var eða um það rann. Ennfremur ef vatn var tekið af lendareign þeirra, þá nutu þeir bótaréttar fyrir vatnstökuna rétt eins og kveðið er á um í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Fræðilegur ágreiningur hefur ekki verið um að þetta sé raunin og einnig hefur það sýnt sig í dómaframkvæmd að landeigendur eru taldir hafa ákveðinn eignarrétt á því vatni sem á landi þeirra er.⁶⁵

3.3.2.5 Vatnalög nr. 15/1923

Vatnalög nr. 15/1923 hafa nú verið í gildi í rúma átta áratugi og hefur samfélagsþróun verið mikil á þeim tíma sem liðin er frá setningu þeirra. Ýmislegt og líklega margt hefur breyst á þessum tíma sem ómögulegt hefur verið að sjá fyrir þegar löggin voru sett. Gömlu vatnalögin grundvölluðust í raun á séreignarstefnu minnihlutans en ekki skal litið svo á að löggjafinn hafi ætlað landeigendum fullan nýtingarrétt á vatnsauðlindum á landi sínu og er sá nýtingarréttur takmarkaðri en á öðrum eignum. Einnig skýrir Ólafur Lárusson hugtakið *vatnsréttindi* sem heimild landeigenda til að nota vatnið.⁶⁶ Vatn er mikilvæg auðlind sem nýta verður með þeim hætti að það komi þjóðfélaginu að sem bestum notum.

3.3.2.5.1 Hverir og laugar

Í flestum lögum og reglum má finna undantekningar eins og fram kemur í 9. og 10. gr. *Vatnalaga*. Þar er landeigendum gefinn rýmri heimild til hagnýtingar og ráðstöfunar vatns sem safnast saman á landareign þeirra og hefur ekki stöðugt rennsli ofan jarðar svo lengi sem það brýtur ekki í bága við 15. gr. laganna. Í þeirri grein eru taldar upp þær notkunarheimildir sem landeigendur hafa yfir slíkum vötnum. Nýting landeigenda verður þó að vera þannig úr garði gerð að hún spilli ekki vatnsrennsli á landareign sem liggur

⁶⁴ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 98.

⁶⁵ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005).

⁶⁶ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 102.

neðar í árfarveginum. Jafnframt skulu landeigendur sem land eiga að sameiginlegri vatnsauðlind gæta þess að spilla ekki vatninu á þann hátt að hinum verði meint af. Ennfremur segir að landeigendum sé óheimilt að spilla hverum, laugum og ölkeldum á eigin landi. Að öðru leyti hafa landeigendur rétt á að hagnýta sér vatnið á þann hátt sem lögin banna ekki.⁶⁷ Þó er þeim skylt að láta það vatn og land af hendi sem nauðsynlegt er til byggingar sundlauga eða sundskála til afnota fyrir félag eða almenning en fyrir það skuli koma fullar bætur sem og fyrir annað tjón sem framkvæmdin kann að valda.⁶⁸ Réttur landeigenda yfir slíku vatni er mun víðtækari en réttur hans yfir öðru vatni.⁶⁹ Mikill munur er á reglum um vatnsrétt og eignarrétt því vatnslögin skylda landeigendur oft til að láta vatnsnot í té ýmist til þarfa almennings eða einstaklinga.⁷⁰

Gaukur Jörundsson segir að í lagaleg tilliti sé eðlismunur á því um hvers konar vatn sé að ræða. Hann telur að réttur landeigenda yfir litlum vötnum hafi samstöðu með öðrum heimildum eignarréttar.⁷¹

„Réttur landeigenda samkvæmt lögnum felst í forgangsrétti til margvíslegrar nýtingar og lögin gera augljóslega ráð fyrir að bætur skuli koma fyrir sé sá réttur skertur með vatnstöku í þágu annarra“.⁷²

3.3.2.5.2 Heimildir landeigenda

Í *Vatnalögum* eru tilteknar ýmsar heimildir sem landeigendur hafa yfir vatni á landi sínu en heimildir landeigenda eru mismiklar eftir því hvers eðlis vatnsnytin er. Afskipti landeigenda af vötnum eru háð þeim nytjum sem eigandi vill hafa af þeim. Rétt hæð vatnsnota eru mismunandi: 1) heimilisþörf, 2) búþörf, 3) iðnaðar- og iðjuþörf, 4) áveituþörf og 5) orkuþörf.⁷³

⁶⁷ Sjá 9. og 10. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum, einnig Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettindi* bls. 5.

⁶⁸ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 104- 105.

⁶⁹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 103.

⁷⁰ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur* bls. 10.

⁷¹ Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur I*, bls. 44.

⁷² Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 108.

⁷³ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 158.

3.3.2.5.3 Heimilis, búsparfir og jarðrækt

Nær allt neysluvatn hérlendis er numið úr grunnvatni. Í 15. gr. *Vatnalaga* kemur fram hvernig landeigendur mega nýta það vatn sem um landareign þeirra rennur hvað varðar heimilis og búsparfir. Þar segir í fyrsta lagi að landeigendum sé heimil vatnstaka til heimilisþarfa s.s. drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til vökvunar og hindra eldsvoða. Í öðru lagi til búsparfa s.s. til að brynna skeppum og þvottar á ull og fiski. Í þriðja lagi hafa landeigendur heimildir til að nýta vatn til jarðræktunnar með því að veita því á tún eða akra til vökvunar.⁷⁴ En réttur landeigenda til að nýta vatn á landareign sinni til áveitu er þeim takmörkunum háð að ekki má sú nýting svipta aðra neysluvatni né heldur að baka þeim örðugleika um að útvega sér neysluvatn eins og fram kemur í 36. gr. lagana.⁷⁵ Einnig segir í 1. mgr. 31. gr. að ef landeigendur geti ekki aflað sér vatns til heimilis- og búsparfa á landareign sinni eða það sé kostnaðarsamt og erfiðleikum háð þá mega þeir afla sér vatns af landi annarra enda sé afgangur vatns frá heimilis- og búspörfum nágrannans. Sæki þeir vatn á landareign annarra verður að gæta þess að valda sem minnstum usla. En ef tjón verður á landi eða vatni skal sá sem vatnið tekur bæta það tjónið sem vatnstakan olli.⁷⁶

3.3.2.5.4 Iðnaður og iðja

Samkvæmt 17. gr. *vatnalaga* er landeigendum heimilt að nýta það vatn sem á landareign þeirra er til iðnaðar og iðju ýmis konar sem starfrækt er á landi þeirra, þó verður vatnstakan að vera hófleg og ekki er leyfilegt að taka meira vatn en þörf er á til reksturs viðkomandi iðnaðar. Vatn það sem afgangur verður og ekki nýtist skal aftur veit í vatnsfarveginn eins nærri upptökum veitunnar og mögulegt er svo aðrir þeir sem eiga tilkall til vatnsins hljóti sem minnstan skaða af eins og fyrr segir.⁷⁷

Þessar nýtingarheimildir landeigenda eru samt takmarkaðar í 18. gr. laganna. Þar segir að sé vatnsmagn of lítið til að hægt sé að fullnægja öllum þeim nýtingarheimildum sem fjallað hefur verið um í 17. gr. skulu þeir sem tilkall eiga til vatnsins hafa sama

⁷⁴ 15. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁷⁵ 36. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁷⁶ 2. mgr. 31. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁷⁷ 17. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

tilkall til nýtingar þess og ganga heimilisþarfir hvers og eins framur öðrum nýtingarheimildum annarra rétthafa.⁷⁸

Undir þetta ákvæði fellur vatn til ýmissa nota s.s. til kælivatns eða skolvatns í stóriðju sem ekki þarfa að vera neysluhæft. En það vatn sem notað er í ýmis konar matvælaframleiðslu þarf að vera af neyslugæðum til að hindra að óhreinindi og óæskileg efni komist í snertingu við matvælin af heilbrigðisástæðum.⁷⁹

3.3.2.5.5 Áveita

Samkvæmt 4. kafla *vatnalaga* er landeigendum heimilt að veita vatni, er rennur um landareign þeirra, á tón til að auka grasvöxt og akra til ræktunar eða á tón og akra til að auka vaxtar- og ræktunarmöguleika. Þarf vatnið ekki að vera að neyslugæðum. Hins vegar þarf að gera strangari kröfur til vatns sem notað er til ýmis konar annarrar matjurtaframleiðslu. Landeigendum er þetta heimilt svo lengi sem það hindrar ekki aðra, er rétt eiga til vatnsins, í að útvega sér neysluvatn.

Þar sem réttur manna til neysluvatns er rétthærri en réttur manna til áveitu. Þeir landeigendur sem eiga landareignir sem liggja að sama vatni skulu í sameiningu nýta það vatn í samræmi við þær takmarkanir sem fjallað er um hér að ofan. Sé vatn hins vegar lítið og dugi ekki fyrir þörfum beggja eða allra landeigenda skal notkun vatnsins ákveðin með mati. Landeigendur sem hafa yfir takmörkuðu vatni að ráða, sem nægir ekki til að fullnægja þörfum þeirra eða ekkert vatn er að finna á landareign þeirra, er heimilt að taka vatn af landareign annarra. Nýtingin má þó ekki hindrar útveggun vatns til heimilis- eða búsparfa né heldur vinna skemmdir á landareign eða vatni spillt í kjölfar nýtingar.

Rísi ágreiningur milli landeigenda um það hvort vatnstakan sé heimil getur hvor aðili fyrir sig látið gera mat á hvort hún sé í samræmi við lög. Ef svo reynist vera en álitid eigi að síður að vatnstakan hafi í för með sér spjöll eða af henni stafi auknir erfiðleikar fyrir landeigenda að útverga sér vatn til heimilis- og búsparfa skal sá sem vatnið tekur greiða fullar bætur fyrir skaðann. Hafi eigandi lands tekið vatn til áveitu á öðru landi verður hann að sýna fram á að sú nýting sem fram myndi fara á landareign hans sé

⁷⁸ 18. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁷⁹ Freysteinn Sigurðsson “Vatn og vatnafar á Íslandi Viðfangsefni vatnalaga” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 176.

arðbærari en sú sem færi fram á því landi sem vatnið var staðsett á. Ef svo er eru greiddar bætur fyrir það tjón sem vatnstakan veldur á landareign þess sem vatnið var staðsett á.⁸⁰

3.3.2.5.6 Orkunýting

Samkvæmt 49 gr. *vatnalaga* hafa landeigendur, strangt til tekið, heimild til að virkja það vatn sem um landareign þeirra rennur. Svo fremur það leiði ekki til þess að annar réttihafi sé sviptur vatni sem hann þarf til heimilis-, búsparfa, iðnaðar, áveitu eða iðju á landi sínu og að orkunýtingin skapi ekki örðuleika fyrir aðra sem eiga rétt á vatninu.⁸¹

Að sama skapi er landeigendum heimilt að reisa mannvirki til orkunýtingar og samkvæmt 50. gr., heimilt að gera stíflu í vatnsfarveg og veita vatninu úr náttúrulegum farvegi með skurði, pípu eða jarðgöngum ef slík framkvæmd er nauðsynleg til orkuframleiðslu. Framkvæmdin má þó ekki hafa í för með sér að skemmdir séu unnar á landareign annarra. Ennfremur verður að veita vatninu aftur í náttúrulegan farveg sinn áður en það fer yfir á landareign annarra sem náttúrulegur farvegur vatnsins liggur um. Ekki má heldur taka meira vatn en það sem þarf til orkuframleiðslunnar nema að landeigendur hafi gert með sér samning þar um.⁸²

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. *Raforkulaga* verða landeigendur samt sem áður að fá leyfi ráðherra fyrir að reisa og reka orkuver. Ekki þarf leyfi vegna raforkuvera undir 1 MW nema orkan sé tengd inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið samanber 13. gr.⁸³

Geri landeigendur með sér samning um virkjun vatns til orkuframleiðslu skulu þeir skipta jafnt þeim kostnaði sem af framkvæmdinni hlýst nema samið sé um annað. Komist þeir ekki að niðurstöðu um hvernig kostnaði sé skipt skal það gert eftir mati ráðherra. Verði þeir hins vegar ekki á eitt sáttir um virkjun vatns getur annar landeigandinn leitað eftir samþykki ráðherra fyrir framkvæmdinni og einnig til að nýta land annars landeiganda við stíflugerðina. Hann verður eigi að síður að haga framkvæmd sinni á þann hátt að það skerði ekki möguleika annarra sem eiga tilkall til vatnsins að nýta sér það. Ef sá sem ekki tók þátt í stíflugerðinni leitast síðar eftir að fá afnot af

⁸⁰ IV kafli Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸¹ 49. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸² 50. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸³ 1. mgr 4. gr Raforkulaga með síðari breytingum

vatninu á þann hátt, sem þegar hefur verið gert, tekur hann fullan þátt í kostnaðinum sem hlaust af stífluframkvæmdinni auk kostnaðar af rekstri hennar.⁸⁴

Svipaðar reglur gilda um fallvatn eða fossa á eignarlandi. Undantekningin er þó sú að ef þeir sem eiga nýtingarrétt á fallvatni geta ekki komið sér saman um hvernig best sé að nýta það, þá getur ráðherra heimilað þeim sem tilkall á til meira en helmings vatnsins að taka yfir minnihlutann með þeim takmörkunum að nýting hans sé í raun hagkvæmari. Sá sem framkvæmir nýtinguna verður að gæta þess að skerða ekki réttindi annarra sem einnig eiga rétt á vatninu.⁸⁵

3.3.2.5.7 Mannvirkja gerð

Eins og fram hefur komið er landeigendum heimilt að byggja stíflur og önnur mannvirki til orkuframleiðslu eða áveitu. Einnig er þeim heimilt að byggja önnur mannvirki sem nýtast við nýtingu vatnsins sem vikið er að í 12., 17., 36., 50., og 70. gr. laganna svo framarlega að það valdi öðrum ekki skaða.⁸⁶

Í 12. gr. *vatnalaga* er landeigendum heimilt að gera brunna eða annars konar vatnsból á landi sínu. Þeir verða þó að gæta þess að framkvæmdin hefti ekki aðgang annarra að vatni í brunnum þeirra nema þeir komist ekki hjá því. Við framkvæmdir verður að ganga svo frá verkum að mönnum og skepnum stafí ekki hætta af.⁸⁷

Ákvæði 17. og 36. gr. heimila landeigendum að byggja stíflur og föst áveitutæki og veita þannig vatni úr náttúrulegum farvegi gegnum pípu og jarðgöng til heimilis- og búsparfa, iðnaðar, iðju og orkuframleiðslu, svo framarlega sem ekki eru unnar skemmdir á landi annarra. Þá má, samkvæmt 50. gr., ekki veita meira vatni úr náttúrulegum farvegi en nauðsynlegt þykir til notkunar sem fram fer. Vatninu skal síðan veit aftur í náttúrulegan farveg eins nálægt þeim stað og það var tekið. Skal þetta gert áður en landareign sleppir nema samningur sé milli landeigenda um nýtingu vatnsins.⁸⁸

Í 70. gr. lagana er frekari umfjöllun um byggingu vatnsmiðlunar til orkuvers. En þar segir að einstaklingum og félögum sé heimilt að framkvæma slíka vatnsmiðlun samkvæmt ákvæðum V. kafla. Sérstakt leyfi þarf ef slík vatnsmiðlun hefur í för með sér

⁸⁴ 68. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸⁵ 52. og 53. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸⁶ 78. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸⁷ 12. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁸⁸ 17. og 36. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall, veiði, áveitu eða annað. Líkt og ef land eða landsnyrtjar hverfa undir vatn eða spillast í kjölfar vatnsveitunnar. Bæta þarf þá fyrir tjónið sem veitan veldur og er það ákveðið með mati ef samkomulag næst ekki um bótaupphæð. Aðrar framkvæmdir eru einnig leyfðar eins og að styrkja bakka vatnsfarvega með hleðslu til að koma í veg fyrir landbrot af völdum vatnsins. Sömuleiðis til að koma í veg fyrir að vötn flæði yfir bakka sína og valdi skemmdum á engjum og mannvirkjum.⁸⁹

3.3.2.5.8 Takmarkanir

Þátt fyrir þau réttindi sem landeigendum eru gefin og talin hafa verið upp í aðalatriðum hér að ofan. Eru settar ýmsar takmarkanir fyrir nýtingu landeigenda á vatni sem um land þeirra fer. Þar á meðal eru takmarkanir af grenndarréttarlegum toga, aðrar sem eiga að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu vatnsins og einnig þær sem finna má í ýmsum öðrum lögum.⁹⁰

3.3.2.5.9 Heimildir ríkis og sveitarfélaga

Samkvæmt 25 gr. er bæjarstjórnnum heimilt að taka vatn sem þær þurfa til vatnsveitu kaupstaðar úr brunnum, uppsprettum eða vötnum sem er í landareign annarra að vissum skilyrðum uppfylltum. Bæjaryfirvöld gæti þess að vatnsveitan spilli á sem minnstan hátt atvinnu og veiðitækjum annarra ef veiði er í vatninu. Spillist eignir greiðast fullar bætur fyrir. Sama á við ef taka vatns veldur tjóni en ef vatnstakan er meinlaus þá koma engar bætur til þar sem ekkert þarf að bæta.⁹¹

Eins og áður hefur komið fram hafa landeigendur heimild til að virkja vötn á landi sínu til orkuframleiðslu. Sé vatn hins vegar óvirkjað hefur ráðherra samkvæmt 1. mgr. 54. gr. heimild til að taka það eignarnámi til almenningsþarfa sem þykkja

⁸⁹ 70. gr. Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 með síðari breytingum.

⁹⁰ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 7-10 og *Eignarréttur I*, (Reykjavík: 1950) bls. 48-51, Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur I*, bls. 45-49 einnig Eyvindur G. Gunnarsson, "Meginatriði íslensks vatnsréttar" Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 163-164.

⁹¹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, "Hver á Vatnið", *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 105.

nauðsynlegar til nýtingar á vatnsorkunni og dreifingu á henni.⁹² Ofangreind ákvæði voru felld úr gildi með lögum 64/2003 en samsvarandi ákvæði má finna í 2. mgr. 23. gr. *Raforkulaga*, samanber 1. mgr. 68. gr., en þar er ráðherra gefnar heimildir til að nýta vatnið í öðrum tilgangi en til orkuframleiðslu.⁹³

Landeigendum hefur frá fornu fari verið settar skorður á nýtingu vatns sem um land þeirra fer eða á því er með tilliti til annarra sem nýtingarrétt hafa á vatninu.⁹⁴ Slíkar skorður eru nauðsynlegar til að landeigendur spilli ekki vatnsnotum annarra með þeim vatnsnotum eða framkvæmdum sem hann kann að gera á landi sínu. Reynt hefur verið að fara meðalveginn í að heimila landeigendum nauðsynlegar heimildir til vatnsnota enda er meginsjónarmið laganna að þeir sem vatnsins njóta geti gert það í sátt og taki um leið fullt tillit til annarra eftir því sem tók eru á.⁹⁵

Í 1. mgr. 7. gr. vatnalaga er að finna grundvallarreglu fornra laga og nýrra um bann við því að breyta farvegi straumvatns, þessi regla kemur meðal annars fram í *Landleigubálki Jónsbókar*.

Hvergi er minnst á vatn undir yfirborði jarðar í lögum 15/1923 og svo virðist sem þau nái aðeins til þess vatns sem er á yfirborðinu s.s. stöðuvatna og straumvatna. Enda þótt landeigendum séu settar allmiklar skorður í *Vatnalögunum* frá 1923 hefur þróuninni orði sú að önnur lög á sviði umhverfisréttar hafa sett landeigendum frekari skorður sem takmarka hagnýtingarrétt þeirra en frekar en gert er í lögunum sjálfum. Með þessu móti verður að gæta þess að þó heimild sé fyrir vissri ráðstöfun vatns í vatnalögum geta önnur lög gilt og bannað eða takmarkað þann rétt sem gefin er í þeim.

4. Vatnalög 2006

4.1 Undanfari vatnalaga 2006

Eftir að vatnalögin frá 1923 tóku gildi hafa ýmis ákvæði sem varða vatnsréttindi verið sett í íslenska löggjöf Ennfremur hefur þjóðfélagið tekið gríðarlegum breytingum frá

⁹² Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 104.

⁹³ 2. mgr. 23. gr. *Raforkulaga nr. 64* frá 27. mars 2003 með síðari breytingum

⁹⁴ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 163.

⁹⁵ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 163.

setningu þeirra fyrir hart nær áttatíu árum. Ástæða þótti því að breyta orðalagi ýmissa greina laganna frá 1923 og færa þær í nútímalegar horf þar sem það þótti bæði gamaldags og ekki eiga lengur við. Jafnframt var ætlunin að skýra betur ákvæði um eignarhald á vatni eins og það kemur fram í annari grein laganna og samræma það öðrum lögum sem tryggja landeigendum eignarrétt yfir öðrum auðlindum á landi sínu. Má þar nefna lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Auk þess var gert ráð fyrir að samræma löginn dómframkvæmd en með henni höfðu dómstólar landsins lengi túlkað aðra grein *Vatnalaganna* á þann hátt að landeigendur ættu fullkominn eignarréttindi yfir vatni sem er á landareign þeirra. Sérstakleg má benda á í þessu sambandi svokallaðan Kífsárdóm frá 1955 en með þeim dómi má segja að eignarréttur landeigenda yfir vatni á landi þeirra hafi verið tryggður.

4.1.2 Kífsárdómur (H 1955:431)

Málsatvik voru þau að árið 1914 keypti Akureyrarbær vatnsréttindi í Hesjuvallarlindum í landi Hesjuvalla í Hlíðarfjalli fyrir varnsveitu bæjarins. Eftir því sem bæjarfélagið stækkaði jókst vatnþörfin og voru því fleiri lindir teknar í fjallinu, þar á meðal voru lindir í landi Kífsár. Bóndinn á Kífsá fékk þá dómkvadda menn til að meta bætur fyrir það tjón sem vatnstakan hefði í för með sér en einnig fyrir það vatn sem tekið yrði til vatnsveitunnar. Akureyrarbær mótmælti því að metnar yrðu bætur fyrir vatnstökuna sjálfa þar sem vatn væri ekki eignarréttindum háð samkvæmt lögum. Það fór þó svo að matsmenn mátu bóndanum á Kífsá bætur fyrir átroðning, landspjöll, land og einnig fyrir vatnstökuna sökum þess að lindirnar væru verðmætar fyrir landeigandann þar sem þær væru mjög vel fallnar til rafvirkjunar en slík virkjun væri útilokuð með vatnstökunni. Í dómi héraðsdóms er vísað til 3. mgr. 25. grein *Vatnalaganna* frá 1923 og segir í honum að ekki séu næg rök til þess að túlka ákvæðið það þröngt að það ætti einungis við það vatn sem þegar væri byrjað að nýta heldur einnig fyrir það vatn sem mögulegt væri að nýta. Svo segir í dómi hæstaréttar að telja verði rétt landeiganda til hagnýtingar vatns sem Akureyrarbær hafi tekið í landi hans til verðmætra réttinda og því á landeigandi rétt á bótum fyrir hinar virkjuðu lindir samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar (nú 72. grein).⁹⁶ Af þessum dómi verður að ráða að eignarréttur yfir vatni eigi þó aðeins við í

⁹⁶ H 1955:431.

þeim tilfellum þar sem um er að ræða skerðingu á þeim hagnýtingarréttindum sem teljast getað skapað landeigendur einhver verðmæti séu þær nýtar.

4.2 Breytingar frá vatnalögum 1923

Þær breytingar sem gerðar voru á *Vatnalögum* frá 1923 voru meðal annars að tekin voru út ákvæði sem lutu að réttshæð vatnsnota enda var ekki talin þörf á slíkum ákvæðum í nútíma samfélagi, því var þó haldið inni að réttur manna til að nýta vatn til heimilis- og búsparfa gengi engu að síður frammar allri annarri nýtingu. Jafnframt var gildissvið laganna rýmkað til muna og í stað þess að löggin tækju aðeins til rennandi yfirborðsvatns tóku þau til alls vatns í hvaða birtingarformi sem það var þ.e. föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, sama hvort vatnið væri ofan jarða eða neðan. Ákvæði um vatnsveitur einfaldað til muna og í þeirra stað farið eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga númer 32/2004. Reglur um áveitur voru feldar út auk ákvæða um vatn til iðnaðar þar sem slík ákvæði þóttu óþörf en þau er að einhverju leyti í *lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998*.

Öll stjórn vatnamála var einfölduð og færð á færri hendur og sjá iðnaðarráðherra og *Orkustofnun* um eftirlit og leyfisveitingar hvað varðar vatnamál. Einnig voru ákvæði um eignarnám færð í nútímalegra horf.⁹⁷

4.3 Vatnalög nr. 20/2006

Hafist var handa við endurskoðun nýrra *vatnalaga* 2001 á vegum iðnaðarráðherra. Lagt var fram frumvarp haustið 2004 á 131. löggjafarþingi en lagafrumvarpið náði ekki fram að ganga.⁹⁸ Frumvarpið var ekki samþykkt, á Alþingi, fyrr en þann 31. mars 2006 og varð að lögum nr. 20/2006 og áttu þau að taka gildi 1. nóvember 2007 og myndu þá um leið leysa af hólmi fyrri *vatnalög* nr. 15/1923.⁹⁹

Vegna mikilla átaka um frumvarpið var gildistöku laganna frestað fram yfir kosningar 2007 með lögum 133/2007 og vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom á

⁹⁷ Nefndarálit meirihluta iðnaðarnefndar bls. 3.

⁹⁸ Freysteinn Sigurðsson “Vatn og vatnafar á Íslandi Viðfangsefni vatnalaga” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005) bls. 176.

⁹⁹ Alþt. 2005- 2006 A- deild bls. 3844

frumvarpið á *Alþingi* sem og í samfélaginu var því frestað til 1. nóvember 2008 með nýjum lögum 31/2007. En áætlað er að ný vatnalög taki gildi 1. júlí 2010.¹⁰⁰

Atriði í frumvarpinu sem helst leiddu til átaka voru ákvæði 4. gr. nýju *vatnalaganna* en þar segir að hverri fasteign fylgi eignarréttur á því vatni sem um hana rennur hvort sem um er að ræða yfirborðsvatn eða vatn sem er undir yfirborð.

Orðalag 4. gr. bendir til þess að með tilkomu nýrra *vatnalaga* öðlist landeigendur raunverulegan eignarrétti á vatni sem innan landamarka þeirra er. Í eldri *vatnalögum* höfðu þeir einungis hagnýtingarrétt. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að ákvæðið feli einungis í sér formbreytingu en ekki efnislega breytingu á eignarrétti á vatni. Engin breyting verður hvað varðar eignarrétt eða öllu heldur hagnýtingarrétti landeigenda á vatni innan landareignar þeirra. Þar af leiðandi verða eignarráð landeigenda yfir vatni á landi þeirra óbreytt eftir gildistöku laga 20/2006 eins og nú samkvæmt nügildandi *vatnalögum* 15/1923.¹⁰¹

Ákvæði 4. gr. nýju *vatnalaganna* er svo hljóðandi:

Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.¹⁰²

Ólíkt eldri *vatnalögum* nær gildissvið nýju *vatnalaganna* ekki einungis til yfirborðsvatna þ.e.a.s. straum- og stöðuvatna heldur hefur gildissvið þeirra verið rýmkað og taka þau til alls vatns, sama í hvaða birtingarformi það er, hvort sem það er rennandi eða kyrrstætt, á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

Ákvæði 2. gr. nýju *vatnalaga* er svo hljóðandi:

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðanjarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.¹⁰³

Í þessu lagaákvæði kemur einnig fram sá reginmunur á hvaða hátt lögin skilgreina eignarrétt. Nýju *vatnalögin* fela í sér neikvæða skilgreiningu eignarréttar. Neikvæð skilgreining eignarréttar endurspeglar hinn víðtæka rétt eigenda að efnislegum

¹⁰⁰ Lög númer 31/2007.

¹⁰¹ Alþt. 2005 – 2006 A- deild bls. 1111

¹⁰² 4. gr. Vatnalög 20 frá 31. mars 2006 með síðari breytingum.

¹⁰³ 2. gr. Vatnalög 20 frá 31. mars 2006 með síðari breytingum.

verðmætum sem almennt er játaður í íslenskum rétti þ.e. að hann fari með allar þær eignarheimildir sem í eignarréttinum felast nema einhverjar þeirra séu sérstaklega undanskildar. Þetta hafa verið kölluð bein eignarréttindi.¹⁰⁴ Þannig er gengið út frá því í nýju *vatnalögunum* að landeigendur njóti ótakmarkaðs eignarréttar yfir því vatni sem er á landareign þeirra.

Í umsögn *Náttúrufræðistofnunar Íslands* sem send var til iðnaðarnefndar dagsett 23. október 2005 segir meðal annars að í kjölfar þeirrar samfélagsumræðu sem farið hafi á stað frá því að frumvarpið kom fyrst fram á *Alþingi* þykki stofnuninni ekki ástæða til að breyta orðalagi annarrar greinar þar sem það hafi reynst vel og engin ástæða sé til að breyta henni formsins vegna.¹⁰⁵

Ennfremur kemur fram að í umfjöllun *Náttúrufræðistofnunar* um *lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998*, er lagst gegn því að vatn verði skilgreint eins og hver önnur jarðræn auðlind en þar segir „Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrulega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu-, fljótandi-, og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða í eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.“¹⁰⁶

Þess má geta að *Landvernd* lagði til að öllum mönnum yrði tryggður aðgangur að hreinu vatni og að sett yrðu í stjórnarskrá landsins ákvæði þar af lútandi. Tillaga *Landverndar* er svo hljóðandi:

Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.¹⁰⁷

¹⁰⁴ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*,

(ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls.107

¹⁰⁵ Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 1, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=208&nefnd=i>

¹⁰⁶ Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=208&nefnd=i>, sjá einnig Umsögn Umhverfisstofnunar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=372&nefnd=i>

¹⁰⁷ Umsögn Landverndar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, bls. 1

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=254&nefnd=i>

Gerðar voru athugasemdir við ýmsar aðrar greinar frumvarpsins meðan það var til umræðu á Alþingi, meðal þess var 15. grein sem fjallar um forgangsrétt sveitarfélaga til að virkja vatn innan sveitarfélags. Orðalag frumvarpsins þótti fremur óskýrt og bent var á að réttur þessi einskorðaðist ekki við fasteignir innan sveitafélags í vatnalögum frá 1923 og lagt var til að tilvísun til staðbundina forsenda yrði tekin út enda þyrfti að uppfylla önnur veigameiri skilyrði við vatnstöku ef til eignarnáms á að koma.¹⁰⁸

Orkustofnun gerði athugasemdir við 35. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um tilkynningarskyldu þegar landeigandi fer út í framkvæmdir sem gætu haft áhrif á gæði og lífríki vatns. Fannst þeim þær fjórar vikur sem *Orkustofnun* voru gefnar, til að fara yfir og gera athugasemdir við framkvæmdir, of stuttur tími og vildu þeir fá allt að átta vikur til að tilkynna um ákvörðun sína „a) skilyrði verði sett b) framkvæmd verði bönnuð eða c) að *Orkustofnun* þurfi meiri tíma til þess að skoða tilkynnta framkvæmd.“¹⁰⁹ Auk þess var lagt til að framkvæmdin yrði bönnuð allt fram að þeim tíma sem *Orkustofnun* tæki lokaákvörðun um hana. Lagt var til að þær framkvæmdir sem leyfilegar voru innan laga um lax- og silungsveiði væru á forræði veiðimálastjóra en þær bæri samt sem áður að tilkynna til stofnunarinnar þar sem *Orkustofnun* vildi safna öllum upplýsingum um vatnsnot á einn stað og þannig yrði auðveldara að koma í veg fyrir að framkvæmdin spillti vatni eða annarri vatnsnotkun.¹¹⁰ Undir þetta tekur veiðimálastjóri og Landsamband veiðifélaga í umsögnum sínum.¹¹¹

Samtök iðnaðarins gerðu líka athugasemd við orðalag 35. greinar en á annan hátt. Samtökin leggja til að orðalagi greinarinnar verði breyt í samræmi við 10. grein *laga númer 57/1998* um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu sbr. 14. grein sömu laga. Þannig yrðu minniháttar framkvæmdir undanþegnar tilkynningarskyldu enda augljóst að ekki væri mögulegt að fylgjast með hvort breytingar hafi verið gerðar á farvegi skurða á eignarlandi svo dæmi sé tekið.¹¹²

¹⁰⁸ Umsögn Auðlindadeild Orkustofnunar til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 1,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=339&nefnd=i>

¹⁰⁹ Umsögn Auðlindadeild Orkustofnunar til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 1,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=339&nefnd=i>

¹¹⁰ Umsögn Auðlindadeild Orkustofnunar til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=339&nefnd=i>.

¹¹¹ Umsögn Veiðimálastjóra við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=255&nefnd=i>

sem og Umsögn Landsambands veiðifélaga við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=212&nefnd=i>

¹¹² Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins við frumvarp til vatnalag frá 132.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að 1. töluliður 43. greinar frumvarpsins falli niður og í stað þess komi ný málsgrein við 42. grein þar sem tekið er fram að *X. kafli vatnalag 15/1923* haldi gildi sínu eða að honum verið breytt á þann hátt að í stað orðanna „*Sveitarfélög sjá um að leggja fráveitu*“ komi „*Sveitarfélögum er heimilt að leggja fráveitu.*“ Því eins og orðalag greinarinnar stendur er sveitarfélögum gert skylt að sjá um alla fráveitu innan sveitarfélagsins þar með talið í sumarhúsabyggðum og öðru dreifbýli og yrði það til mikils óhagræðis fyrir sveitarfélögin.¹¹³

Veidimálastjóri gagnrýndi frumvarpið einnig og þá sérstakleg hversu lítið tillit er tekið til áhrifa framkvæmda á fisktegundir og annað lífríki vatna. Fyrst og fremst sé lögð áhersla á virkjun vatns og að 18. grein sé gott dæmi um það. Í þeirri grein kemur fram að það megi ekki svipta aðra landeigendur vatni eða baka þeim óþægindum en hvergi minnst á þau áhrif sem virkjun vatnsins gæti haft á fiskistofna og búsvæði þeirra sé um að ræða veiðivatn. Sama gildir um 19. og 26. grein en þar er eigendum heimilað að nýta fallvatn til orkuframleiðslu án verulegra takmarkana og án þess að gerðir séu fyrirvarar um þau áhrif sem framkvæmdirnar gætu haft á lífríki vatnsins.¹¹⁴ Undir þetta tekur *Landsamband veiðifélaga* í umsögn sinni á bls. 2 en þar er einnig vísað í skýrslu Hagfræðistofnunnar Háskóla Ísland, að nýting á veiði í ám og vötnum landsins hafi gríðarlega þýðingu fyrir ferðaþjónustu í landinu.¹¹⁵

Annað sem olli deilum varðandi framvarp til vatnalaga 2006 var að til stóð að lögtaka vatnatilskipun *ESB* frá árinu 2000 og þótti mörgum það skjóta skökku við að gefa landeigendum fullkominn eignarrétt yfir vatni þegar í fyrstu grein tilskipunarinnar segir:

Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.¹¹⁶

löggjafarþingi,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=211&nefnd=i>

¹¹³ Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarp til vatnalaga frá 132. löggjafarþingi,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=216&nefnd=i>

¹¹⁴ Umsögn Veidimálastjóra við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=255&nefnd=i>.

¹¹⁵ Umsögn Veidimálastjóra við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=255&nefnd=i>

sem og Umsögn Landsambands veiðifélaga við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi bls. 3,

sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=212&nefnd=i>

¹¹⁶ Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 200/60/EB um aðgerðarramma Bandalagsins í Vatnsmálum.

Menn telja að best sé að bíða með að setja ný *vatnalög* þar til búið verði að lögleiða tilskipunina hér á landi eða að tilskipunin og ný *vatnalög* verði rædd samhliða. Hins vegar eru aðrir sem telja að ekki sé þörf á að bíða eftir vatnatilskipuninni þar sem hún mun ekki hafa nein bein áhrif á eignarhald á vatni. Tilskipunin sé einfaldlega sett til verndar vatnasvæðum, til að koma í veg fyrir að ástand yfirborðs- og grunnvatns versni og bæta slæmt ástand ef það er hægt en hafi engin áhrif á það hverjir eigi vatnið.¹¹⁷

5. Vatnsréttindi í öðrum löndum

5.1 Norðurlönd

Vatnalöggjöf annarra Norðurlanda hefur lengi verið byggð á sjónarmiðum um einkaeignarrétt eða ráðstöfunarrétt landeigenda yfir vötnum. Í Danmörku gilda svipaðar reglur og hér á landi um ráðstöfunarrétt landeigenda á vatni á landi þeirra. Í sænsku vatnalöggjöfinni frá 1918 var landeigendum sem áttu meiriháttar vatn á landi sínu skylt að láta af hendi allt að 1/3 hluta vatnsins til notkunar almannahagsmuna ef stjórnvöld krefðust þess. Þessu var breytt með nýrri vatnalöggjöf árið 1984 og var yfirvöldum þá gefin heimild til skerðingar vatnsnota ef verðmæti skerðingarinnar er ekki meiri en 5–20% af verðmæti þeirra nota sem eiganda er heimil.¹¹⁸

Ný vatnalög voru sett í Noregi árið 2000 sem leystu af hólmi eldri vatnalöggjöf frá 1940. Við undirbúning laganna var skipuð nefnd árið 1990 og skilaði hún af sér ítarlegri álitgerð ásamt lagafrumvarpi árið 1994. Ef marka má ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna þá hafa landeigendur umráðaréttur yfir öllu vatni á landi þeirra hvort sem um er að ræða kyrrt eða rennandi yfirborðsvatn ásamt botni þess og bökkum og nær þannig einnig yfir vatnsföll og önnur vatnssvæði.¹¹⁹ En hún er svo hljóðandi:

Vassdrag tilhører eieren av den grunn det dekker, hvis ikke annet følger av særlige rettsforhold.¹²⁰

¹¹⁷ Umsögn Orkustofnunar, Auðlindadeild 3. febrúar 2006 erindi Þ 132/770.

¹¹⁸ Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005.) bls. 148.

¹¹⁹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur* bls. 22.

¹²⁰ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 22, einnig Norges offentlige utredninger 1994:12 lov om vassdrag og grunnvann. Oslo 1994 “Hovedregelen om grunneiens rådighed” Vatnssvæði tilheyrir eiganda landsins undir vatninu ef ekki leiðir annað af sérstökum réttarreglum.

Þrátt fyrir þetta orðalag norsku vatnalaganna er byggt á því í norskum rétti að vatn sé ekki undirorpið eignarrétti heldur er það einungis vatnslagið sjálft og ráðstöfunarréttur yfir vatnsfalli þess sem tilheyrir fasteigninni. Kveðið er á um ráðstöfunarrétt landeigenda í 3. mgr. 13. gr. norsku vatnslaganna og hljóðar ákvæðið svo:¹²¹

Grunneieren kan motsette seg at andre uten særskilt rettsgrunnlag utøver rådighet overvassdrag som tilhører ham. Innenfor de rammer lovgivningen setter, kan grunneieren selv råde over vassdraget så langt ikke særlige rettigheter er til hinder for dette.¹²²

Sérstaklega er tekið fram í greininni að landeigandi hafi rétt til að útiloka aðra frá því að nýta sér vatnfall eða stöðuvatn á landi hans ef nýtingin er ekki til komin af sérstakri heimild og er eignarréttur landeigenda yfir vatni því takmarkaðri en réttur hans yfir öðrum eignum sem njóta verndar fulls eignarrétta. Af norskri réttarframkvæmd má sjá að við eignarnám eru ekki greiddar bætur fyrir vatnið sjálft nema vatnið hafi sérstaka þýðingu fyrir eignarnámshola. Þegar fallvatn er tekið til virkjunar á landeigandi bótarétt fyrir fallið sjálft en ekki fyrir það vatn sem fellur um það.¹²³

¹²¹ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 109.

¹²² Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 109, einnig ritari iðnaðarnefndar þýðing á norskum og sænskum lögum vegna frumvarps til vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=1340&nefnd=i>

¹²³ Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 109–110.

6. Eignarréttarleg staða vatns

Vatn kemur fram á ýmsum stöðum og í mörgum birtingarformun í náttúru jarðar, t.a.m. í andrúmsloftinu þar sem það birtist í gasformi, undir og yfir yfirborði jarðar þar sem það getur bæði verið í föstu og fljótandi formi.

Einar Arnórsson talar um eignarhæfi vatns í ritgerð sinni „*Um vatnsrjettindi*“ sem fylgdi nefndarálit meirihluta fossanefndar 1919. Þar kemur fram að hann taldi að vatn í andrúmsloftinu væri allsherjargagn rétt eins og loft og ljós. Ennfremur taldi Einar að vatn væri óeignarhæft og væri í eðli sínu allsherjargagn. Eina leiðin til að einstaklingar gætu öðlast eignarréttindi yfir vatni væri að aðgreina það frá öðru vatni með því að leiða það í sérstakan farveg eða virkja og væri vatn þá orðið verðmæti þar sem kostnaður hafi hlotist af greiningu og virkjun vatnsins. Straumvötn taldi Einar vera óeignarhæf þar sem að það væri á sífelldri hreyfingu og erfitt væri þess vegna að eignast eignarréttindi yfir því. Hvað stöðuvötn varðar taldi Einar að hugsanlega gætu skapast eignarréttindi yfir slíku vatni en bara ef slíkt vatn væri nægjanlega aðgreint frá öðru vatni eins og fram hefur komið. Hins vegar taldi Einar að stöðuvötn væru ekki undirorpin eignarrétti þar sem slík vötn væru venjulegast alveg verðlaus. Hafi vatnið hins vegar verið veit til áveitu, orkuframleiðslu eða annars iðnaðar gætu skapast eignarréttindi yfir slíku vatni þar sem vatnið væri nú hluti af verðmætasköpun ætlaðs eigenda þess. Eins taldi hann að smávötn svo sem tjarnir, pyttir og dý gætu verið undirorpin eignarrétti ef slíkt vatn fullnægði einstaklingsþörfum landeigenda til matar, drykkjar og til að brynna skepnum. Sama taldi Einar gilda um kveri, laugar og ölkeldur að svo miklu leyti að þau búi yfir verðmætum og séu nægilega aðgreind frá öðru vatni.¹²⁴

Ef vatnið hefði verið nægjanlega aðgreint frá öðru vatni með því að landeigandi hafi veit því úr upphaflegum farvegi sínum til nota fyrir heimilisþarfir sínar, búskapar eða orkuframleiðslu ber að líta svo á að vatn sem notað er á þann átt sé undiropið

¹²⁴ Einar Arnórsson “Um vatnsrjettindi” Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919.) bls. 17, sjá einnig Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfjótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson (Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008) bls. 14.

eignarrétti og ef taka á slíkt vatn til annarra nota en einkaþarfir landeigenda þá yrðu að koma til bætur fyrir það vatn sem landeigandi yrði af vegna vatnstökunnar.¹²⁵

Ólafur Lárusson talar einnig um eignarhæfi vatns í ritgerð sinni „*Vatnsrjettur*“ frá 1929 og þar kemur fram að hann var ósammála Einari um að vatn væri almennt ekki undirorpið eignarrétti. Ólafur var sammála Einari að vatn í andrúmsloftinu væri óeignarhæft rétt eins og loft og ljós en almennt séð væri vatn eignarhæft en gera yrði greinarmun á rennandi og kyrru vatni. Ólafur taldi að rennandi vatn gæti ekki verið undirorpið eignarrétti og rétturinn til að færa sér rennandi vatn í nyt væri ekki afleiðing af eignarrétti yfir vatninu sjálfu heldur botni farvegarins. Hins vegar taldi hann að ekkert væri því til fyrirstöðu að kyrrt vatn s.s. stöðuvötn væru undirorpin eignarrétti landeigenda. Ólafur setur fram frekari skilgreiningu á eignarréttarlegri stöðu vatns í sínum helstu birtingarformum í ritgerð sinni og þar segir meðal annars eftirfarandi:

6.1 Vatn í andrúmslofti jarðar

Vatn sem er í gaskenndu formi í gufuhvolfi jarðar verður að setja á bekk með loftinu. Menn geta ekki gert tilkall til einstaklingsréttinda yfir slíku vatni þar sem um allsherjargagn er að ræða (*res communes*).¹²⁶

6.2 Straumvötn

Samkvæmt skilgreiningu sem er að finna í *Lögfræðiorðabókinni*, er allt ósalt vatn þar sem í er greinilegur straumur sem leitar frá hærri stað til lægri og ekki vex í vegna samansafns vatns nefnt straumvatn.¹²⁷ Ólafur telur að þar sem straumvatn sé á sífelldri hreyfingu og renni stöðugt frá einni landareign til annarrar þá sé ekki hægt að mynda eignarrétt yfir slíku vatni þar sem að í hvert skipti sem vatnið fer yfir landamerki færast eignarrétturinn yfir á næsta landeigenda því væri óeðlilegt að telja óvissan rétt eignarrétt. Þess vegna væri ekki hægt að telja rennandi vatn eignarhæfan hlut. Ólafur tekur það hins

¹²⁵ Einar Arnórsson “Um vatnsrjettindi” Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipuð var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg, 1919) bls. 20-21.

¹²⁶ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettindi*, bls. 1.

¹²⁷ Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir & Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Codex & Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008) bls. 422, sjá einnig 3. gr. Lög um lax- og silungveiði nr. 61 frá 14. júní 2006 með síðari breytingum.

vegar fram að eignarréttur sé yfir botni árfarvegarins og því mætti skýra hagnýtingarrétt á því vatni sem í farveginum rennur með eignarrétti á vatnsfarveginum sjálfum.¹²⁸

6.3 Stöðuvötn

Samkvæmt skilgreiningu *Lögfræðiorðabókarinnar* er stöðuvatn, allt ósalt vatn þar sem ekki er greinilegur straumur annar en sá sem stafar frá sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.¹²⁹ Samkvæmt skilgreiningu Ólafs er almennt ekkert því til fyrirstöðu að stöðuvötn séu eignarrétti háð. Eignarréttur yfir stöðuvötnum getur verið jafn varanlegur og yfir ýmsum öðrum hlutum sem almennt eru taldir eignarhæfir.¹³⁰ Ennfremur kemur fram í ritgerðinni að margir hafi haldið því fram að greina þurfi á milli stærri og smærri stöðuvatna. Hann heldur því fram að slík skipting geti haft áhrif á hver eigi rétt á eignarrétti yfir slíkum vötnum. Það hvort einstaklingar geti átt tilkall til eignarréttar í vötnum eða hvort ríkið eigi eitt tilkall til slíkra réttinda. En hvort sem er, þá geta stöðuvötn talist eignarréttarhæf hvort sem um er að ræða stærri eða minni vötn og hvort einstaklingar eða hið opinbera geti gert tilkall til eignarréttar yfir tilteknu vatni.¹³¹

6.4 Vatn undir yfirborði jarðar

Um vatn undir yfirborði jarðar segir Ólafur að svipaðar reglur hljóti að gilda og um það vatn sem er á yfirborði jarðar.¹³²

6.5 Vatn í föstu formi

Um vatn í föstu formi, snjó og ís, segir Ólafur að ekki sé útilokað að litið yrði á að slíkt vatn gæti verið undirorpið eignarrétti, rétt eins og hvert annað fast efni á yfirborði jarðar.¹³³

¹²⁸ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, bls. 3

¹²⁹ *Lögfræðiorðabók* bls. 424, sjá einnig 3. gr. laga um Lax og silungsveiði nr. 61/2006 þessi skilgreining kemur heim og saman við þá skilgreiningu sem Ólafur Lárusson heldur fram í ritgerð sinni *Vatnsrjettur*.

¹³⁰ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 1.

¹³¹ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 2.

¹³² Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 2.

¹³³ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 2.

6.6 Verðmæti vatnsréttinda

Allt frá því að mögulegt varð að virkja stór vatnsföll til orkuframleiðslu hefur verðmæti vatns aukist gífurlega, vatn er ekki lengur einungis mikilvægt manningnum til að viðhalda eigin lífi og heilsu heldur hefur þekking hans á nýtingu þess gefið honum ótal möguleika á að nýta sér vatnsafl til að auka lífsgæði sín til muna. Ólafur taldi að vatn væri þjóðarbúskapnum það mikilvægt að almenningsheill krefðist þess að notkun þess væri hagað þannig að það kæmi þjóðfélaginu að sem bestum notum. „Rjettur einstaklingsins hefur jafnan verið takmarkaðri (yfir vatni) en rjettur hans yfir öðrum eignum, og víða hafa vatnsrjettindi einstaklingsins ekki verið viðurkennd nema að nokkru leyti“.¹³⁴

¹³⁴ Ólafur Lárusson, *Vatnsrjettur*, (Reykjavík: 1929) bls. 2.

7. Niðurstaða

Ljóst er að eignarréttur landeigenda á vatni hefur í gegnum aldirnar verið háður eignarhaldi á því landi sem er undir vatninu en ekki á vatninu sem slíku. Túlkun þessi hefur verið viðloðandi allt frá þeim lögum sem sett voru í *Grágás* til *Vatnalaga nr. 15/1923*. Lögin, frá árinu 1923, hafa nú verið í gildi í tæp áttatíu ár og hafa þjónað tilgangi sínum afar vel. Í þeim er á tæmandi hátt taldar upp þær heimildir sem landeigendur hafa á vatni á landi sínu. Dómaframkvæmd hefur einnig haft það í för með sér að ekki verður um villst að um er að ræða nýtingarheimild en ekki eignarrétt á vatninu. Þó má færa rök fyrir því og líklegast er það nauðsynlegt að endurskoða vatnalögin með tilliti til þess hver þjóðfélagsþróunin hefur verið á síðustu áratugum hér á landi. Jafnframt að samræma þau þeim lögum sem tekið hafa gildi frá setningu þeirra og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Ef vatn er einkaeign ákveðinna manna er erfiðara að nálgast það til að nýta í þágu almennings. Einnig yrði vatnið mun dýrara ef taka þyrfti það frá eigendum þess heldur en ef það er í eigu ríkisins og þar með þjóðareign, rétt eins og fiskurinn í sjónum umhverfis landið. Þannig er líka auðveldara að vernda þessa auðlind sem er okkur öllum lífsnauðsynleg og er á góðri leið með að verða ein af dýrmætustu auðlindum heims. Ísland gæti á þann hátt orðið öðrum ríkjum fyrirmynd hvað varðar vatnsvernd og sjálfbæra nýtingu vatnsins.

8. Heimildir

Bækur

Aagot Vigdís Óskarsdóttir, “Hver á Vatnið”, *Úlfljótur 1. tbl. 61. árg. 2008*, (ritstj.) Þórarinn Ö. Þrándarson Reykjavík: Lögberg Háskóla Íslands, 2008.

Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir & Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*, (Reykjavík, Bókaútgáfan Codex & Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008).

Bjarni Jónsson frá Vogu “Eignarrjettur yfir vatni” Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipað var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg, 1919).

Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir & Hafðís Björk Hákonardóttir, *Mannréttindasáttmáli Evrópu Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, (Reykjavík, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík, 2005).

Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson, Páll Sigurðsson, Róbert R. Spanó & Viðar Már Matthíasson, *Um lög og rétt Helstu greinar íslenskrar lögfræði*, (Reykjavík, Bókaútgáfan Codex, 2006).

Einar Arnórsson “Um vatnsrjettindi” Meirihluti Fossanefndar, *Nefndarálit meirihluta Fossanefndar er skipað var 22. okt. 1917 með lagafrumvörpum, ritgerðum og fylgiskjölum*. (Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg, 1919).

Eyvindur G. Gunnarsson, “Meginatriði íslensks vatnsréttar” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005).

Freysteinn Sigurðsson “Vatn og vatnafar á Íslandi Viðfangsefni vatnalaga” Róbert R. Spanó (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005).

Guðmundur Eggerz, *Fossanefnd 1919*, Reykjavík, 1919.

Gunnar Eydal & Þorgerður Benediktsdóttir, *Hagnýt Lögfræði*, (Reykjavík, Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1984).

Gunnar G. Schram, *Framtíð jarðar Leiðin frá Ríó*. (Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 1993).

Gunnar G. Schram, *Umhverfis réttur*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan & Landvernd, 1995).

Lakshman D. Guruswamy, “Thransboundary water pollution” *International environmental law in a nut shell 2. ed* (St.Paul: Tomson West, 2003).

Minnihluti Fossanefndar, *Nefndarálit minnihluta Fossanefndar 1917 – 1919*, (Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg, 1919).

Ólafur Jóhannesson, *Lög og réttur Þættir um íslenska stjórnskipun*, (Reykjavík, Bókaútgáfa menningarsjóðs).

Ólafur Lárusson, *Eignarréttur I*. Reykjavík: 1950.

Sigurður Líndal, *Réttarsögu Þættir*, (Reykjavík, Hið Íslenska bókmenntafélag, 2007).

Lög og samningar

Convention on the Law of the Non-navigational Uses of International Watercourses 21. May 1997. See General Assembly resolution 51/229, no. 49 (A/51/49).

Grágás.

Jarðarlaga nr. 81 frá 9. júní 2004 með síðari breytingum.

Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar.

Jónsbók.

Lög um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 6. apríl 1973 með síðari breytingum.

Lög um lax- og silungsveiði nr. 61 frá 14. júní 2006 með síðari breytingum.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62 frá 19. maí 1994 með síðari breytingum.

Lög um náttúruvernd nr. 44 frá 22. mars 1999 með síðari breytingum.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57 frá 10. júní 1998 með síðari breytingum.

Lög um vatnsveitu sveitarfélaga nr. 32 frá 7. maí 2004 með síðari breytingum.

Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta nr. 58 frá 10. júní 1998. með síðari breytingum.

Orkulög nr. 58 frá 29. apríl 1967 með síðari breytingum.

Raforkulög nr. 64 frá 27. mars 2003 með síðari breytingum

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944 með síðari breytingum.

Vatnalög nr. 15 frá 20 júní 1923 með síðari breytingum.

Vatnalög 20 frá 31. mars 2006 með síðari breytingum.

Vegalög nr. 80 frá 29. mars 2007 með síðari breytingum.

Greinar/ritgerðir/erindi

Eyvindur G. Gunnarsson, Eignarhald á náttúruauðlindum: Eignarhald íslenskra orkuauðlinda og orkukerfi í virku markaðskerfi. Málstofa verkfræðideildar Háskóla Íslands 9. apríl 2008, sbr. <http://www3.hi.is/~egill/MALTINGI/2008malstofa/Eignarhald2008.pdf>

Kristín M. Gunnarsdóttir lögfræðingur hjá Óbyggðanefnd Þjóðlendur og eignarlönd, Ráðstefna um skipulagsmál á Hornströndum, Ísafirði 26. – 27. janúar 2007, sbr. http://www.isafjordur.is/isafjordur/upload/files/umhvsvid/adalskipulag/publisher_x30_target.pdf

Ólafur Lárusson, Vatnsrjettur, Reykjavík: 1929.

Umsögn Auðlindadeild Orkustofnunar til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=339&nefnd=i>

Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við frumvarp til vatnalaga 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=215&nefnd=i>

Umsögn Bændasamtaka Íslands við frumvarp við Vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=256&nefnd=i>

Umsögn Félags heilbrigðis og umhverfisfulltrúa við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=236&nefnd=i>

Umsögn Kópavogsbæjar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=173&nefnd=i>

Umsögn laganeftdar Lögmannafélags Íslands við frumvarp til Vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=453&nefnd=i>

Umsögn Landsambands eldri borgara við frumvarp til Vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=174&nefnd=i>

Umsögn Landsambands veiðifélaga við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=212&nefnd=i>

Umsögn Landverndar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=254&nefnd=i>

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=208&nefnd=i>

Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur Auðlindadeild Orkustofnunar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=338&nefnd=i>

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarp til vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=216&nefnd=i>

Umsögn Samorku við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=214&nefnd=i>

Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins við frumvarp til vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=211&nefnd=i>

Umsögn Umhverfisstofnunar við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=372&nefnd=i>

Umsögn Veiðimálastjóra við frumvarp til vatnalag frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=255&nefnd=i>

Umsögn Þróunarsviðs Byggðarstofnunar við frumvarp við Vatnalaga frá 132. löggjafarþingi, sbr. <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=132&malnr=268&dbnr=213&nefnd=i>

Dómar

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 431/1955.

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 173/1963.

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 413/2000 frá 29. mars 2001 (Landsvirkjun gegn Íslenska ríkinu).

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 348/2000 frá 23. maí 2001 (Sigrún Jónsdóttir gegn Hákonni Bjarnasyni ofl.).

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 28/2004 frá 15. febrúar 2005 (Jón Guðmundsson gegn Lofti ehf.).

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 388/2005 frá 19. janúar 2006 (Byggðarstofnun gegn Suðutækni ehf. og gagnsök).

Hæstiréttur Íslands. Dómur í máli nr. 562/2008 frá 14. maí 2009 (Daniela Schmitz gegn Landsvirkjun og Íslenska ríkinu).

Annað

Alpt. 1899 C-deild.

Alpt. 1919 C-deild.

Alpt. 1899, A- deild

Alpt. 1921, A-deild

Alpt. 2005- 2006 A- deild

Stj. tíð 1900, B- deild